



Ættleiðingarpunglyndi

Vanlíðan kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ættleiðingarpunglyndi
Vanlíðan kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir
160675-3739

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Anni G. Haugen
Leiðbeinandi: Dóra S. Juliussen

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Efni þessarar heimildaritgerðar er ættleiðingarpunglyndi og vanlíðan kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar á barni erlendis frá. Markmiðið með ritgerðinni er að auka vitund um þessa tegund þunglyndis, einkenni, áhættuþætti og afleiðingar ásamt því að skoða hvað er til ráða. Fjallað er almennt um ættleiðingar, ástæður þeirra og það undirbúningsferli sem á sér stað hér á landi í sambanburði við hin Norðurlöndin áður en barn er ættleitt. Aðlögun kjörbarns að nýju lífi er mikilvæg og þar skipta hlutir eins og tengslamyndun og líðan kjörforeldra máli. Rannsóknir hafa í gegnum tíðina aðallega beinst að aðlögun kjörbarna í kjörfjölskyldum og líðan kjörbarnsins en fáar rannsóknir beina sjónum sínum að líðan kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar. Hér á landi hefur engin slík rannsókn verið framkvæmd. Ættleiðingarpunglyndi líkist fæðingarpunglyndi og hefur að einhverju leyti sömu orsök og einkenni. Ættleiðingarpunglyndi getur haft slæmar afleiðingar fyrir kjörbarnið þar sem það hefur brotna fortíð að baki. Erlendar rannsóknir sýna að til að minnka líkur og draga úr ættleiðingarpunglyndi skiptir stuðningur, fræðsla og ráðgjöf höfuðmáli. Félagsráðgjafar og annað heilbrigðisstarfsfólk getur komið kjörfjölskyldum til aðstoðar með því að fylgja þeim eftir að ættleiðingu lokinni.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
1. Ættleiðingar.....	5
1.1 Löggjafinn og ættleiðingar.....	7
1.2 Ættleiðingar barna af erlendum uppruna á Íslandi.....	8
2. Undirbúningur.....	10
2.1 Undirbúningsnámskeið á Íslandi.....	12
2.2 Undirbúningur á Norðurlöndum.....	14
2.3 Fræðsla fyrir kjörforeldra.....	15
3. Aðlögun kjörbarns að nýju lífi.....	17
3.1 Almennt um tengslamyndun.....	18
3.2 Sérstaða ættleidda barnsins.....	20
3.2.1 Vandkvæði í tengslamyndun.....	21
4. Staða kjörbarna.....	22
5. Ættleiðingarpunglyndi – vanlíðan kjörforeldra.....	24
5.1 Orsök og áhrifaþættir.....	27
5.1.1 Væntingar til ættleiðingarinnar.....	29
5.2 Afleiðingar.....	32
5.3 Stuðningur og ráðgjöf.....	33
6. Félagsráðgjöf.....	34
6.1 Aðkoma félagsráðgjafa að ættleiðingarmálum.....	35
Niðurstöður.....	39
Umræður.....	42
Heimildir.....	44

Inngangur

Þegar einstaklingur eða þar tekur ákvörðun um að ættleiða barn erlendis frá fer af stað langt og strangt ferli. Ættleiðingarferlið vekur upp ýmsar tilfinningar hjá þeim sem að því standa og ættleiðingin sjálf getur vakið upp siðferðilegar spurningar. Almennt virðist fólk hafa þekkingu á og skilja hugtakið ættleiðingu en ættleiðingarþunglyndi er hins vegar hugtak sem ekki hefur verið mikið í umræðunni. Sem kjörforeldri vakti efnið áhuga minn og löngun til að skoða nánar hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á ættleiðingarþunglyndi. Erlendir fræðimenn hafa beint sjónum sínum að ættleiðingarþunglyndi og hafa meðal annars borið það saman við fæðingarþunglyndi. Hér á landi hefur hins vegar engin rannsókn farið fram á umfangi og eðli ættleiðingarþunglyndis meðal íslenskra kjörfjölskyldna. Heimilda var leitað í gagnagrunnum á netinu og bækur fengnar að láni hjá félaginu Íslenskri ættleiðingu. Nokkuð skorti á nýlegar upplýsingar um stöðu ættleiðingamála og var því notast við munnlega heimild frá Kristni Ingvarssyni framkvæmdastóra Íslenskrar ættleiðingar.

Mikilvægt er að skoða líðan kjörforeldra eftir ættleiðingu því líðan foreldra hefur áhrif á líðan barns á sama hátt og líðan barns hefur áhrif á líðan foreldra. Örugg tilfinningatengsl eru einnig undirstaða allra samskipta og því skiptir miklu máli að tengslamyndun gangi vel frá upphafi.

Í þessari heimildaritgerð er ætlunin að svara eftirfarandi spurningunum: Hvað er ættleiðingarþunglyndi? Hver eru einkenni þess, áhrifaþættir og afleiðingar? Hvað er hægt að gera til að fyrirbyggja ættleiðingarþunglyndi og hjálpa kjörforeldrum sem upplifa það eða vanlíðan í kjölfar ættleiðingar? Hvert er hlutverk félagsráðgjafa í vinnu með kjörfjölskyldum sem glíma við ættleiðingarþunglyndi? Markmiðið með ritgerðinni er að auka vitund kjörforeldra á tilvist ættleiðingarþunglyndis þannig að þeir geti betur skilið og áttað sig á þeim tilfinningum sem upp koma í ættleiðingarferlinu og brugðist við neikvæðum tilfinningum á árangursríkan hátt.

Ættleiðing verður í fyrstu útskýrð og tegundir ættleiðinga stuttlega upptaldar. Því næst verður fjöldi ættleiðinga á Íslandi skoðaður og þær ástæður sem geta legið að baki ættleiðingum. Löggjafinn skiptir máli þegar kemur að

málaflokknum og nauðsynlegt er að þekkja lög og reglugerðir sem fjalla um ættleiðingar. Undirbúningur og fræðsla gegnir því hlutverki fyrir tilvonandi kjörfjölskyldur að gefa þeim tækifæri til að átta sig á umfangi og eðli ættleiðingar og hvaða atriði er vert að hafa í huga þegar lagt er af stað í slíkt ferli. Fjallað verður um hvernig staðið er að undirbúningi hér á landi í samanburði við Norðurlöndin og þá jafnframt hvaða fræðsla stendur kjörforeldrum til boða fyrir og eftir ættleiðingu.

Til að fá sem gleggsta mynd af kjörbarninu, aðstæðum þess og sérstöðu verður farið yfir tengslamyndun, vandkvæði í tengslamyndun og hvaða atriði hafa áhrif á góða tengslamyndun. Rannsóknir á sviði ættleiðingarmála gefa okkur góða mynd af stöðu kjörbarnsins sem kemur að gagni þegar skoða á hvað hægt er að gera betur í málaflokknum. Rannsóknir veita okkur enn fremur innsýn í heim þessara fjölskyldna og því verður stuttlega fjallað um þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi. Eftir að hafa skoðað rannsóknir á málefnum kjörfjölskyldna verður líðan kjörforeldra og ættleiðingarþunglyndi skoðað nánar. Sjónum verður beint að orsökum, áhrifaþáttum og afleiðingum en jafnframt að því hvað hægt er að gera til að draga úr þróun ættleiðingarþunglyndis. Félagsráðgjafinn getur gegnt veigamiklu hlutverki í ættleiðingarferlinu og er ásamt öðru heilbrigðisstarfsfólki fagmaður sem er vel til þess fallinn að vinna með kjörfjölskyldum. Ástæður þess verða ígrundaðar í lokin.

1. Ættleiðingar

Áður en farið verður að skilgreina ættleiðingarþunglyndi er þörf á að skoða ættleiðingar í ýmsu samhengi. Hugtakið ættleiðing samanstendur af þremur þáttum. Fyrst ber að nefna það persónulega sem snertir þrennt; kjörbarnið, líffræðilega fjölskyldu barnsins og kjörfjölskylduna. Þessi þrjú atriði hafa stundum verið nefnt ættleiðingarþríhyrningur (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Ættleiðingar eru ævilangt ferli sem hefur áhrif á alla í kjörfjölskyldunni á margþættan hátt (Atkinson og Gonet, 2007; Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Kjörbarnið hugleiðir ættleiðinguna oft á mismunandi stigum lífsins, allt til dauðadags. Ættleiðingin hefur áhrif á allt líf kjörbarnsins eins og samskipti þess við kjörforeldra og öll nán sambönd sem það mun þróa á lífsleiðinni (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Næst ber að nefna löggjöfina og það lagalega ferli sem snýr að sambandi ættleidda barnsins og kjörforeldris og að lokum skal nefna félagslegu þjónustuna sem hugtakið vísar til, það er þegar börn eru yfirgefin eða gefin til ættleiðingar, kjörfjölskyldur eru valdar og undirbúnar, ættleiddu börnunum er komið fyrir hjá kjörfjölskyldum sem henta þörfum barnanna og stuðningur er veittur að lokinni ættleiðingu (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Mikilvægt er að skoða nánar merkingu orðsins *ættleiðing* og hvaða hugtök koma við sögu þegar um þær er rætt. Segja má að ættleiðing vísi til þess að einstaklingur, barn í flestum tilfellum, er leiddur inn í nýja ætt sem hann tilheyrir upp frá því (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Þær fjölskyldur sem ættleiða barn eru nefndar *kjörfjölskyldur* og er hugtakið *kjörbarn* notað yfir ættleitt barn. Ættleiðing hefur verið flokkuð niður í tvo flokka. Annars vegar *frumættleiðingu* en það á við þegar barn sem ekki er barn eða kjörbarn maka eða sambúðaraðila er ættleitt. Barnið stofnar til nýrra fjölskyldutengsla en rýfur um leið tengsl við upprunafjölskylduna. Frumættleiðingar geta annars vegar átt við þegar íslensk börn eru ættleidd af íslenskri kjörfjölskyldu og hins vegar um *alþjóðlegar ættleiðingar*, þegar börn eru ættleidd milli landa. Þá býr barn í einu ríki, svokölluðu upprunaríki, en væntanlegir kjörforeldrar í öðru ríki, viðtökuríki. Hinn flokkur

ættleiðinga er *stjúpættleiðingar*, þegar barn eða kjörbarn maka eða sambúðaraðila er ættleitt (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Hér á eftir verður því eingöngu fjallað um frumættleiðingar barna sem eru ættleidd milli landa og eiga annað upprunaríki en Ísland þar sem flest frumættleidd börn á Íslandi koma til kjörforeldra sinna erlendis frá (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Sú staðreynd getur vakið upp siðferðilegar spurningar varðandi kynþátt og fordóma en nánar verður vikið að því síðar þegar fjallað verður um orsök og áhrifaþætti ættleiðingarþunglyndis (Senecky, Agassi, Inbar, Horesh, Diamond, Bergman og Apter, 2009).

Ættleiðing er úrræði sem hefur þann megin tilgang að vernda barn (Hrefna Friðriksdóttir, 2010) en einnig að gefa barnlausum foreldrum kost á að eignast barn og veita ást og umhyggju (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Með ættleiðingu er barni, sem ekki á fjölskyldu sem annast það, tryggður sá möguleiki að fá að alast upp hjá fjölskyldu í góðum aðstæðum, með góðum aðbúnaði og í uppeldisaðstæðum sem hæfa barninu. Tengsl barnsins við upprunafjölskyldu eru rofin en í staðinn stofnað til nýrra tengsla milli barns og kjörfjölskyldunnar (Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 2010).

Margar ástæður geta legið að baki þeirri ákvörðun að barn er yfirgefið í fæðingarlandi þess. Víða er það talin skömm að eignast barn utan hjónabands og því eiga margar ógiftar ungar konur þess ekki kost að ala upp barn í því samfélagi sem þær búa í. Í sumum heimshlutum er barnafjöldi takmarkaður og einnig geta veikindi eða dauðsföll gert það að verkum að barn er gefið eða yfirgefið. Fátækt er einn af þáttunum sem getur verið ástæða ættleiðingar. Þegar barn er yfirgefið er það á ábyrgð stjórnvalda í upprunalandi sínu. Nú eru börn sem eru ættleidd erlendis frá eldri en áður en ein af ástæðum þess er að lengri tíma og meiri vinnu er eytt í að finna foreldra fyrir hvert barn í upprunaríkinu (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Reynt er að koma barninu fyrst fyrir á fósturheimili í upprunalandi þess en næstbesti kosturinn er talinn vera barnaheimili eða stofnun. Fósturfjölskyldur eru taldar vera betri kostur þar til barn er ættleitt úr landi þar sem það fær betri umönnun og athygli þar en á barnaheimili eða stofnun ásamt því að barnið fær tækifæri til að mynda tengsl við umönnunaraðila (Metha, 1992). Ættleiðing milli landa er því venjulega ekki möguleg fyrr en fullreynt er að ekki

finnist fjölskylda fyrir barnið í upprunaríki þess. Þetta á við um þau ríki sem eru aðilar að Haagsamningnum en hann byggist á þeirri forsendu að þroskavænlegast sé fyrir barn að alast upp í fjölskyldu þar sem ríkir skilningur og ást. Samkvæmt samningnum verður einnig að ganga úr skugga um að engin lausn sé fyrir hendi í upprunalandi barnsins áður en ættleiðing úr landi er heimiluð. Það eru svo stjórnvöld í upprunaríki barnsins sem ákveða hvaða skilyrði umsækjendur í viðtökuríki þurfa að uppfylla til að fá heimild til ættleiðingar (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009; Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005).

1.1 Löggjafinn og ættleiðingar

Biðtími eftir barni í ættleiðingarferlinu og óvissan um það hvort og hvenær barn er væntanlegt getur verið væntanlegum kjörforeldrum tilfinningalega erfiður (Senecky o.fl., 2009). Það skiptir þó máli að farið sé að lögum og reglugerðum í málaflokknum. Haagsamningurinn er alþjóðlegur samningur um ættleiðingar sem Ísland hefur verið aðili að síðan 1993. Markmiðið með samningnum er að tryggja hagsmuni barna þegar ættleiðingar milli landa eiga sér stað. Hlutverk hans er einnig að koma í veg fyrir brottmál og sölu barna. Með gerð samningsins var sérstaklega horft til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans. Haagsamningurinn fjallar meðal annars um skilyrði fyrir ættleiðingum milli ríkja, málsmeðferð ættleiðingarmála og hvert hlutverk stjórnvalda og löggiltra ættleiðingafélaga sé (Innanríkisráðuneytið, 2009). Þeir sem hyggjast ættleiða barn af erlendum uppruna þurfa að sækja um forsambykki hjá sýslumanninum í Búðardal (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999) og samkvæmt 18. grein reglugerðar um ættleiðingar er öllum þeim sem hyggjast ættleiða barn skylt að leita milligöngu um ættleiðinguna hjá félagi sem hefur löggildingu dómsmálaráðherra (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005). Félagið *Íslensk ættleiðing* (hér eftir ÍÆ) er eina löggilta ættleiðingarfélagið starfandi á Íslandi. Félagið *Alþjóðleg ættleiðing* var stofnað haustið 2008 en það hætti starfsemi og sameinaðist ÍÆ í júní 2010 (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Ættleiðingar er málaflokkur sem í dag heyrir undir innanríkisráðuneytið (Innanríkisráðuneytið, 2011). Í lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 og reglugerð

um ættleiðingar nr. 238/2005 er mjög skýrt hverjir geta verið ættleiðendur og hvaða skilyrði ættleiðendur skuli uppfylla. Kröfur eru meðal annars gerðar varðandi hæfni til að fara með forsjá, heilsufar, sambúðartíma, aldur umsækjanda, húsnæði og efnahag (Reglugerð um ættleiðingar nr.238/2005).

Undirbúningur fyrir ættleiðinguna og víðtæk þekking á kjörbarninu og aðstæðum þess áður en það verður hluti af nýju kjörfjölskyldunni er nauðsynlegur til að auka getu og hæfni kjörfjölskyldunnar til að annast kjörbarnið sem best (Atkinson og Gonet, 2007). Þegar lög eru skoðuð með tilliti til undirbúnings og fræðslu fyrir og eftir ættleiðingu kemur í ljós að ekki eru margar lagagreinar sem fjalla um þau mál. Í 30. grein laga um ættleiðingar segir að forsamþykki verði ekki gefið út af sýslumanninum í Búðardal nema umsækjendur leggi fram staðfestingu á að þeir hafi sótt námskeið um ættleiðingar erlendra barna (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999) eða skili inn skriflegri staðfestingu á að þeir muni sækja fyrsta mögulega námskeið sem býðst (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 með áorðnum breytingum nr. 996/2009). Undirbúningsnámskeið fyrir verðandi foreldra er því orðið skylda fyrir verðandi kjörforeldra og í samræmi við það sem gerist á Norðurlöndunum eins og sjá má síðar.

Löggilt ættleiðingarfélag hefur ýmsum skyldum að gegna gagnvart stjórnvöldum og kjörfjölskyldum. Þegar ráðgjöf, þjónusta og stuðningur eru skoðuð nánar í lögnum má finna eftirfarandi grein: „Félagið skal sinna ráðgjafarþjónustu um ættleiðingar og veita félagsmönnum sínum þjónustu eftir að ættleiðing hefur verið veitt, sbr. 9. gr.c Haagsamningsins.“ (Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009). Það virðist því vera lítil áhersla í lögnum á fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við kjörfjölskyldur eftir ættleiðingu. Fræðsla sem fram fer í undirbúningi ættleiðingar er í höndum íslenskra stjórnvalda en sú ráðgjöf sem tiltekin er í lögnum er í höndum ÍÆ.

1.2 Ættleiðingar barna af erlendum uppruna á Íslandi

Til að fá betri mynd af fjölda barna sem ættleidd eru erlendis frá er vert að líta stuttlega á ættleiðingar almennt. Mikill meirihluti barna, sem frumættleidd eru erlendis frá, eru á fyrsta og öðru aldursári þegar þau koma til landsins. Ættleiðingar hér á landi hafa verið mismiklar milli ára. Frumættleiddum frá útlöndum fjölgaði

til ársins 2005 á Íslandi en þeim hefur fækkað talsvert frá því ári (Hagstofan, 2008). Þegar tölur yfir ættleiðingar hér á landi eru bornar saman við tölur nágrannaríkjanna á hverja 100.000 íbúa, kemur í ljós að Íslendingar ættleiða að meðaltali færri börn en nágrannaríkin (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Ættleiðingum hefur einnig verið að fækka í öðrum löndum en ástæðan er sú að upprunaríki hafa ákveðið að færri börn þurfi á ættleiðingu úr landi að halda. Eftirspurn eftir ættleiðingum hefur ekki minnkað en biðtíminn eftir barni hefur lengst (Selman, 2009). Fjöldi barna frá hverju upprunaríki er háður sambandinu milli Íslands og þess ríkis sem um ræðir hverju sinni. Fjöldi barna kemur frá ákveðnu landi á meðan samningur er í gildi við það land en svo geta aðstæður breyst og samningurinn fallið úr gildi eða að yfirvöld loka fyrir ættleiðingar einhverra hluta vegna (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Á árunum 2005-2010 komu langflest börn frá Kína eða alls 90 börn. Árið 2010 komu til landsins 18 börn frá Kína, Indlandi, Kólumbíu og Tékklandi, tíu drengir og átta stúlkur (Íslensk ættleiðing, e.d.). Í töflu 1 má sjá samanburð á ættleiðingum hér á landi á þessu árabili.

Tafla 1. Fjöldi frumættleiðinga barna af erlendum uppruna með milligöngu ÍÆ á árunum 2005-2010

Ár	2005	2006	2007	2008	2009	2010	Börn alls
Indland	2	2			4	1	9
Kína	32	6	18	13	8	13	90
Kólumbía	1		1		2	2	6
Tékkland			1			2	3
Börn alls	35	8	20	13	14	18	108

Heimild: Íslensk ættleiðing, isadopt.is

2. Undirbúningur

Þegar ættleiðingarferlið hefst skiptir undirbúningurinn gífurlega miklu máli. Kjörforeldrar þurfa að vera vel undirbúnir til að takast á við þetta vandasama hlutverk því það er mun meira krefjandi en hlutverk líffræðilegra foreldra (Farley, Smith og Boyle, 2006). Gagnlegt er að skoða fyrst ástæður þess að þar eða einstaklingar ákveða að ættleiða barn.

Barnleysi fullorðins einstaklings eða pars er yfirleitt ástæða þess að sótt er um ættleiðingu. Ættleiðing er ein leið til að eignast barn og hefur ættleiðing öldum saman verið leið barnlausra einstaklinga til að eignast fjölskyldu. Engar tölur eru til sem sýna hversu margir kjörforeldrar hafa reynt aðferðir læknavísindanna án árangurs áður en ákvörðun um ættleiðingu var tekin (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Sumar kenningar segja að þegar fólk ákveður að ættleiða verði það að gefa upp á bátinn drauminn um blóðskylt barn á meðan aðrar segja að missir þess draums sé þess eðlis að fólk komist aldrei yfir sorgina, það venjist einungis tilhugsuninni. Það er þó ljóst að grundvöllur ættleiðingar er alltaf missir hvernig sem á málið er litið (Gyða Eyjólfsdóttir, 2009). Kjörbarnið hefur misst líffræðilegu foreldra sína, fósturforeldra eða umönnunaraðila á stofnun, jafnvel misst systkini eða fóstursystkini ef það hefur verið á fósturheimili ásamt því að barnið hefur tapað upprunalandi sínu og menningu (Singer og Krebs, 2008). Kjörforeldrarnir hafa misst af því að eignast líffræðilega barnið og síðast en ekki síst hafa líffræðilegir foreldrar barnsins misst barnið. Sú sorg sem fylgir missinum getur haldið áfram að koma upp hjá þeim sem að ættleiðingunni koma, alla ævi. Þetta kemur kjörforeldrum oft á óvart því þeir hafa búið sig undir spurningar barnsins varðandi líffræðilega foreldra þess en ekki undir sektarkenndina, sem stundum gerir vart við sig hjá kjörforeldrum, yfir því að finna til söknuðar eftir líffræðilega barninu sem aldrei fæddist (Gyða Eyjólfsdóttir, 2009). Það að eiga óuppgerða sorg yfir ófrjóseminni er einn af þeim þáttum sem getur leitt til ættleiðingarþunglyndis kjörforeldris og því mikilvægt að skoða þennan þátt (Senecky o.fl., 2009; Payne, Fields, Meuchel, Jaffe og Jha, 2009).

Erfitt er að segja til um hve langur biðtíminn eftir barni er í dag en ætla má að hann sé á bilinu níu mánuðir til fimm ár. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að

tilgreina nákvæmari biðtíma er sú að biðtíminn er misjafn eftir löndum og eftir því hvaða leið tilvonandi kjörforeldrar velja. Þrátt fyrir að vera á biðlista eftir barni í ákveðnu landi er alltaf viss óvissa fyrir hendi og ekkert er öruggt í biðinni. Sambönd og aðstæður geta breyst í upprunalöndunum og því afar erfitt að tilgreina einhvern raunhæfan biðtíma. Þess má þó geta að fólk sem er á biðlista eftir barni með skilgreindar sérþarfir frá Kína á í flestum tilfellum styttri biðtíma fyrir höndum en þeir sem eru á venjulegum biðlista eftir barni í Kína. Með sérþörfum er átt við börn sem kínversk yfirvöld setja í sérstakt ferli vegna aðstæðna sinna. Íslenskir umsækjendur hafa því verið að ættleiða börn af listanum sem hafa væga hjartagalla, skarð í vör eða skarð í góm svo eitthvað sé nefnt (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 4. febrúar 2011). Fleiri en ein ástæða er fyrir því að biðin er oftast löng. Þar má nefna að aðild að Haagsamningnum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þýðir að meiri tími er lagður í það að finna foreldra fyrir hvert barn í upprunalandi þess eins og áður segir. Mansal er önnur ástæða þess að biðin hefur lengst en það er raunverulegt vandamál í heiminum sem yfirvöld reyna að sporna við eftir bestu getu. Fátækari lönd fara því varlega í að leyfa ættleiðingar milli landa og jafnvel banna þær alveg. Í Kína fer hagvöxtur til dæmis ört vaxandi og fréttir berast af skorti á stúlkubörnum og ótta kínverskra yfirvalda þess eðlis að ungir menn muni ekki finna sér eiginkonur, sem aftur getur leitt til mansals og kynlífsþrælkunar kvenna. Þá er eðlilegt að yfirvöld í landinu hafi áhyggjur af ímynd sinni á erlendri grundu og fari varlega í ættleiðingar úr landi. Að þessu ofantöldu er biðin skiljanleg en jafnframt erfið fyrir þá sem í hlut eiga (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Það er ljóst að biðtíminn og ættleiðingarferlið hefur áhrif á líðan verðandi kjörforeldra og því fylgir vissulega óvissa, vonbrigði og ótti. Ættleiðingarferlið getur aukið á streitueinkenni verðandi kjörforeldra en það er þó ekki ljóst hversu mikil áhrif það hefur á þróun ættleiðingarþunglyndis eða hvort þetta erfiða ferli hafi meiri áhrif á þá einstaklinga sem eru veikari fyrir þegar kemur að þunglyndi (Payne o.fl., 2009).

2.1 Undirbúningsnámskeið á Íslandi

Með ættleiðingu er verið að tryggja barni, sem á enga fjölskyldu, möguleika á að alast upp hjá fjölskyldu sem getur veitt því gott uppeldi og góðan aðbúnað í samræmi við þarfir barnsins. Stjórnvöld taka afdrifaríkar ákvarðanir um framtíð barnsins og ráðstafa lífi þess og réttarstöðu til frambúðar og þá verður að tryggja að barni séu búnar bestu hugsanlegu aðstæður. Mikilvægt er að leiða hugann að þeirri staðreynd að börnin, sem um ræðir, hafa upplifað áföll og missi sem hefur áhrif á allt þroskaferli barnanna ásamt hæfni þeirra til samskipta og tengslamyndunar við aðra (Folli og Thompson, 2004; Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 2010). Sum börn glíma við líkamlega eða andlega erfiðleika vegna fortíðar sinnar sem er væntanlegum kjörforeldrum hulin. Þeir þurfa að ræða og velta upp hugsanlegum áhrifum fortíðarinnar á barnið og hvort þeir eru tilbúnir að mæta þörfum þess (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005).

Ættleiðingarfélagið ÍÆ hefur séð um og skipulagt námskeiðahald hér á landi fyrir verðandi kjörforeldra. Námskeiðin voru endurskipulögð árið 2005 og voru þá byggð upp eftir danskri fyrirmynd. En þar í landi eru það stjórnvöld, danska dómsmálaráðuneytið, sem standa fyrir námskeiðunum. Fræðsluefnið sem stuðst er við kemur frá sálfræðingnum Lene Kamm en hún hefur haft yfirumsjón með gerð fræðsluefnis í Danmörku. Væntanlegir kjörforeldrar fá í hendurnar, nokkru fyrir námskeið, tvö rit eftir Lene Kamm en þau hafa verið þýdd og staðfærð að íslenskum aðstæðum. Ritin heita, *Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns* og *Heilsufar ættleiddra barna*. Þátttakendur eru beðnir um að lesa efnið áður en þeir koma á námskeiðið meðal annars til að tryggja virka þátttöku allra. Lene Kamm hefur sjálf komið til Íslands til að fræða og þjálfra íslenska námskeiðshaldara. Námskeiðshaldarar hafa verið tveir og áhersla er lögð á að í það minnsta annar þeirra sé kjörforeldri. Hvert námskeið er haldið tvær helgar með 4-6 vikna millibili, í alls 20 klst. samtals. Þátttakendur koma af öllum biðlistum óháð því frá hvaða landi sótt er um ættleiðingu og eru um það bil eitt til tvö námskeið haldin á ári (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010). Á námskeiðunum er áhersla lögð á aðdraganda og undirbúning ættleiðingar. Fjallað

er um líf barnsins áður en það er ættleitt og myndbönd hafa verið notuð til að gefa þátttakendum betri innsýn í líf barna á barnaheimilum erlendis og það borið saman við líf barns sem er í móðurarmi frá fæðingu þess. Rætt er um hvað það er sem börnin af barnaheimilunum fara á mis við ásamt því að fara yfir hvaða möguleikar eru til að bæta það upp. Á námskeiðinu er velt upp áleitnum siðferðilegum spurningum um ættleiðingu. Farið er yfir það hvort þátttakendur telji að ættleiðing sé fyrir þá, hvernig sé að vera kjörforeldri og muninn á því að vera kjörforeldri eða líffræðilegt foreldri. Farið er í ábyrgðina sem fylgir því að vera kjörforeldri og rætt um það hvort þátttakendur geti staðið undir þeirri ábyrgð (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005).

Í skýrslu starfshóps á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins um reglur um inntak, skipulag og gjaldtöku vegna undirbúningsnámskeiða fyrir þá sem óska eftir að ættleiða erlent barn er talið æskilegt að færa undirbúningsnámskeiðin frá ÍÆ, þar sem hlutverk þess félags er að veita hagsmunagæslu, yfir til ráðuneytisins. Þannig sé það á ábyrgð stjórnvalda að meta og tryggja hæfi námskeiðshaldara og einnig að tryggja að námskeiðin verði haldin með ákveðnu sniði með reglubundnum hætti. Formleg ábyrgð á þessum þætti verði þá í höndum ráðuneytisins. Lagt er til að æskilegt sé að námskeiðshaldarar séu karl og kona og annað þeirra hafi ættleitt barn erlendis frá. Þá er áhersla lögð á menntun, þekkingu og reynslu námskeiðshaldara. Þeir eigi að vera með háskólamenntun á sviði heilbrigðis-, félags-, eða menntavísinda og annar þeirra eigi að auki að hafa reynslu af mati og meðferðarvinnu (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010). Það er sambærilegt og gert er í Danmörku og Svíþjóð en þar er í höndum stjórnvalda að halda námskeiðin.

Ættleiðingarfélagið ÍÆ gerði árið 2006 skoðanakönnun á viðhorfum þátttakenda á undirbúningsnámskeiðunum. Í ljós kom að nánast flestum fannst vera fjallað um þætti sem viðkomandi höfðu ekki leitt hugann að áður og töldu það skipta máli að hitta fólk í sömu sporum. Þetta gefur til kynna að námskeiðið sé gagnlegt og auki við þekkingu þátttakenda (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010). Þetta samræmist öðrum rannsóknum sem hafa verið gerðar á þjónustu við kjörforeldra fyrir og eftir ættleiðingu. Fræðsla og stuðningur eykur þekkingu og skilning verðandi kjörforeldra á kjörbarninu og

ættleiðingunni (Foli og Thompson, 2010; Atkinson og Gonet, 2007). Jafnframt eykur fræðsla hæfni kjörforeldranna til að takast á við kjörbarnið á forsendum þess og eykur líkur á að kjörforeldrar leiti aðstoðar fagaðila ef aðlögun gengur illa (Narad og Mason, 2004).

2.2 Undirbúningur á Norðurlöndum

Til að meta undirbúning á Íslandi er gagnlegt að skoða hann í samhengi við undirbúning í nágrannaríkjum okkar. Í skýrslu starfshóps á vegum dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytisins er fjallað um undirbúningsnámskeiðin á Íslandi og á Norðurlöndunum. Þar kemur fram að mörg ríkjanna hafa sett ákvæði um að væntanlegir kjörforeldrar séu skyldugir til að sækja ákveðna undirbúningsfræðslu og það skuli gert snemma í ferlinu. Markmiðin eru sameiginleg, að tryggja að væntanlegir kjörforeldrar öðlist þekkingu og innsýn í sérstöðu í lífi ættleiddra barna og ættleiðinga, gera þá betur í stakk búna til að hugsa vandlega um ákvörðunina að ættleiða erlent barn og jafnframt að þeir verði betur undir það búna að takast á við þær áskoranir sem fylgja því að ættleiða barn með þessum hætti (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010).

Í Danmörku er ættleiðingarferlinu skipt upp í þrjú skref. Fyrsta skrefið er formleg umsókn forsamþykkis til ættleiðingar. Skref tvö er þátttaka á undirbúningsnámskeiði en öllum umsækjendum, sem óska eftir ættleiðingu í fyrsta sinn, er skylt að sækja slíkt námskeið, sem haldið er á vegum Familjestyrelsen sem er undirstofnun dómsmálaráðuneytisins þar í landi. Óska má eftir því að þeir sem sækja um ættleiðingu í annað sinn sækja einnig námskeiðin. Þriðja skrefið er svo mat á persónulegum eiginleikum og stöðu umsækjenda (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010).

Undirbúningsnámskeið eru ekki skylda í Noregi en hafa verið haldin á vegum löggiltra ættleiðingarfélaga frá árinu 2006 og eru að danskri fyrirmynd (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010). Í nýlegri skýrslu sem gefin var út í Noregi og fjallar um ættleiðingar og hagsmuni barnsins kom fram sú tillaga að undirbúningsnámskeið verði skylda fyrir þá sem hyggja á ættleiðingu barns erlendis frá og að jafnframt yrðu skipulögð svipuð skref og fyrirkomulag og tíðkast í Danmörku í ættleiðingarferlinu (NOU, 2009).

Í Svíþjóð er fjallað um undirbúningsnámskeiðin í félagsþjónustulögunum og eru námskeiðin skylda þegar sótt er um ættleiðingu í fyrsta sinn. Þar í landi eru gerðar miklar kröfur til námskeiðshaldara með tilliti til þekkingar á kennsluefninu, þekkingar á kröfum í einstaklingsbundna matinu og reynslu af námskeiðshaldi fyrir hópa. Námskeiðshaldarar skulu fylgja kennsluefni námskeiðsins og fylgjast með þróun málaflokksins en mega ekki vera í nánum tenglum við þá sem meta umsækjendur. Námskeiðshaldarar mega heldur ekki vera þátttakendur í starfi ættleiðingarfélags. Það er svo á ábyrgð félagsmálayfirvalda í hverju sveitarfélagi að halda námskeiðin sem geta verið með ýmsu sniði (Dómsmála- og mannréttindamálaráðuneytið, 2010).

2.3 Fræðsla fyrir kjörforeldra

Samkvæmt 9. gr. Haagsamningsins er það skylda stjórnvalda að gera viðeigandi ráðstafanir þegar kemur að því að stuðla að þróun ráðgjafarþjónustu og að veita þjónustu að lokinni ættleiðingu, hvort sem um er að ræða með beinum hætti eða fyrir tilstuðlan stjórnvalda eða annarra stofnana sem hafa hlotið viðurkenningu á því sviði. Um er að ræða aðstoð og ráðgjöf sem leggur áherslu á þroska barnsins hverju sinni til fullorðinsára ásamt því að aðstoða kjörbörn við að leita uppruna síns (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Þessi grein Haagsamningsins er í samræmi við áherslu fræðimanna á mikilvægi fræðslu og ráðgjafar til að stuðla að góðri tengslamyndun kjörbarns og velferð kjörfjölskyldunnar (Foli og Thompson, 2010).

Á Íslandi hefur fræðsla á vegum ÍÆ farið fram með þrenns konar hætti. Auk undirbúningsnámskeiðs, hefur verið haldið námskeið sem kallast *umönnun ungbarna* en það námskeið er ætlað fólki sem er framarlega á biðlista eða hefur fengið úthlutað barni. Markmiðið með námskeiðinu er að skoða líkamlegar þarfir og umönnun barna. ÍÆ hefur einnig boðið upp á ferðanámskeið þegar nær dregur ferðinni sjálfri til upprunalands ættleiddra barnsins og hefur þá verið sniðið að því landi sem um ræðir hverju sinni. Á námskeiðinu hefur verið fjallað um undirbúning fyrir ferðalagið, aðstæður í landinu og ferlið í viðkomandi landi (Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, 2010). Í dag eru þessi tvö síðastnefndu námskeið ekki með föstu sniði vegna fárra þátttakenda hverju sinni og því er reynt að sérsníða fræðslu fyrir hverja fjölskyldu eftir hennar þörfum. Í framhaldi kemur ÍÆ

viðkomandi fjölskyldum í samband við kjörfjölskyldur sem hafa ættleitt barn erlendis frá (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 4. febrúar 2011). Mikilvægt hlýtur þó að teljast að allir kjörforeldrar séu þess aðnjótandi að sækja slík námskeið óháð því hver fjöldinn er hverju sinni enda sýnir rannsókn Foli og Thompson (2010) og Gray (2007) að því meiri fræðslu sem kjörforeldrar fá frá fagaðilum því jákvæðari og betri verður aðlögun í kjörfjölskyldum eftir ættleiðingu. ÍÆ stendur fyrir ýmsum uppákomum eins og foreldramorgnum, spjallkvöldum, jólaböllum, jólaföndri, útilegum og þess konar skemmtunum fyrir þá sem hafa þegar ættleitt barn erlendis frá eða eru á biðlista eftir að ættleiða barn (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 4. febrúar 2011). Með þessum hætti gefst kjörforeldrum tækifæri til að deila reynslu sinni með fólki sem skilur reynslu þess og tilfinningar sem er afar góður stuðningur fyrir kjörforeldra (Atkinson og Gonet, 2007).

Svokölluð PAS-nefnd (Post adoption service) hefur verið starfrækt á vegum ÍÆ frá árinu 2006, en nefndin vinnur að þjónustu og ráðgjöf við kjörfjölskyldur og börn þeirra eftir að heim er komið. Þjónustan hefur verið skilgreind sem fjölþætt aðstoð fyrir kjörforeldra sem hafa þörf fyrir stuðning tengdan ættleiðingunni (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Nefndin stendur fyrir ýmsum fyrirlestrum og málþingum fyrir félagsmenn ÍÆ ásamt því að meðlimir nefndarinnar eru stuðningsforeldrar sem þýðir að þeir heimsækja kjörforeldra sem þurfa á ráðgjöf og stuðningi að halda eftir ættleiðinguna ef kjörforeldrar óska þess (Kristinn Ingvarsson munnleg heimild, 4. febrúar 2011).

Foreldrafélag ættleiddra barna á Íslandi var stofnað árið 2006 en því er ætlað að auka lífsgæði kjörfjölskyldna með stuðningi og fræðslu um ættleiðingu og uppeldi kjörbarna ásamt því að verja hagsmuni kjörforeldra. Félagið veitir þó ekki beina þjónustu varðandi ættleiðingarmál né hefur milligöngu um ættleiðingar (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

Þrátt fyrir ákvæði þess eðlis að gera eigi ráð fyrir sérstökum stuðningi við kjörbörn og kjörforeldra af hálfu hins opinbera hér á landi hefur það ekki verið og hefur sú þjónusta ekki verið umfram almenna þjónustu við börn og foreldra þeirra. Þó eru strax gerðar viðeigandi ráðstafanir ef um er að ræða alvarleg þroskafrávik eða smitsjúkdóma og þeim börnum fylgt eftir á Barnaspítala Hringingsins (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Svo virðist sem mikið af fræðslu og þjónustu fyrir

kjörfjölskyldur á Íslandi sé háð áhuga og vilja kjörfjölskyldnanna sjálfra til að nálgast þjónustuna. Með þetta í huga er áhugavert að skoða rannsókn Foli og Thompson (2010) þar sem fram kom mikil reiði hjá kjörfeðrum sem höfðu einkenni ættleiðingarþunglyndis. Þeir töldu að fjölskyldur þeirra hafi ekki fengið nægjanlegar upplýsingar varðandi þarfir kjörbarna þeirra og að þeir hafi ekki fengið þá fræðslu sem þeir þurftu varðandi aðlögun kjörfjölskyldunnar eftir ættleiðingu kjörbarnsins.

Þess má geta að kjörforeldrar sem upplifa ættleiðingarþunglyndi eiga það til að einangra sig vegna hræðslu og sektarkenndar og sækjast því ekki sjálfir eftir viðeigandi fræðslu eða ráðgjöf (Foli og Thompson, 2004; Foli og Thompson, 2010).

3. Aðlögun kjörbarns að nýju lífi

Á meðan kjörforeldrar bíða eftir að fá upplýsingar um langþráða barnið hafa þeir gert sér á einhvern hátt í hugarlund hvernig það verður að fá barnið í hendurnar í fyrsta sinn og hvernig þeim muni líða þegar þeir fara heim með barnið. Kjörforeldrar búast flestir við að vera hamingjusamir og glaðir og í mörgum tilfellum er það reyndin. Oft er þó hamingjan og gleðin einungis hluti af þeim tilfinningum sem kjörforeldrar upplifa og sú tilfinning sem er gleðinni oft yfirsterkari er sorgin sem þeir finna meðal annars vegna líffræðilegu móður barnsins. Sumir kjörforeldrar geta jafnvel ekki skilgreint þær tilfinningar sem þeir upplifa við að fá barnið í hendur (Melina, 2002; Valgerður Baldursdóttir, 2009). Sumir kjörforeldrar finna fyrir vissri andstöðu gagnvart kjörbarninu í byrjun og hleypa því ekki alveg að sér fyrr en eftir nokkurn tíma, en það er mjög eðlilegt (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Kjörforeldrar eru ekki þeir einu sem upplifa sorgartilfinningu. Kjörbarnið hefur upplifað áfall og sorg þegar það er tekið burt úr því umhverfi sem það þekkir. Það eru nokkur atriði sem hafa áhrif á það hvernig kjörbarnið bregst við þessum miklu breytingum á lífi þess. Það skiptir máli hve gamalt barnið er þegar það er tekið úr umhverfi sínu, hve lengi barnið hefur verið á þeim stað sem það er tekið frá og hversu oft það hefur verið fært á milli staða fyrir ættleiðingu. Algengt er að barnið syrgi þegar það er tekið úr kunnuglegu umhverfi eða frá umönnunaraðila sem það

er vant. Þetta á líka við um börn sem hafa verið í aðstæðum sem talin eru skaðleg fyrir þau. Barnið þarf að fá tíma til að syrgja það horfna en um leið að fá umhyggju og huggun á meðan það syrgir. Þetta skiptir máli vegna þess að áfallið og sorg barnsins hefur áhrif á þroska þess og hæfni til samskipta og tengslamyndunar við annað fólk síðar á lífsleiðinni (Gray, 2002; Melina, 2002; Purvis, Cross og Sunshine, 2007).

Flest kjörbarna dvelja á barnaheimilum eða stofnunum áður en ættleiðing verður að veruleika. Barnaheimilin og stofnanirnar eru af öllum stærðum og gerðum og þó þau séu vel rekin skal hafa í huga að þau eru alltaf stofnanir og því er ekki fært að koma til móts við allar þarfir barnanna. Þetta eru því ekki hamingjuríkir staðir (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Því er vert að skoða tengslamyndun barna nánar.

3.1 Almenn um tengslamyndun

Tengsl er hugtak sem sálfræðingar hafa lengi fjallað um en John Bowlby var breskur barnageðlæknir, barnasálgreininir og höfundur geðtengslakenningarinnar (attachment theory). Bowlby fjallaði um mikilvægi framtengsla fyrir félags- og tilfinningaþroska barna. (Valgerður Baldursdóttir, 2009; Barth, Crea, John, Thoburn og Quinton, 2005). Í tengslakenningum vísar hugtakið til tengingar á milli barns og foreldris. Þessi tengsl barns við foreldri byggjast á þeirri hvöt að bindast manneskju sem veitir barninu öryggi, umönnun og vernd. Oftast eru þessi tengsl fyrst við móðurina en svo bætast aðrir í hópinn sem annast barnið mest eins og faðirinn. Tengslin lýsa sér þannig að barnið vill fyrst og fremst vera hjá umönnunaraðila sínum og kýs hann umfram aðra því það finnur til öryggis nálægt honum en óöryggis ef hann er ekki nálægt (Barth o.fl., 2005; Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Þegar tengsl umönnunaraðila og barns eru skoðuð kemur í ljós að tengsl geta verið ýmist örugg eða óörugg en óörugg tengsl eru af nokkrum mismunandi gerðum (Valgerður Baldursdóttir, 2009).

Lykilatriðið í tengslum milli barns og umönnunaraðila er það hve vel umönnunaraðilinn les tjáningu barnsins og hve fær hann er um að svara tjáningunni á viðeigandi hátt. Líkamleg nálægð umönnunaraðila er ekki nóg til að

veita öryggið né heldur það að hann sé hlýlegur við barnið. Það skiptir hins vegar öllu máli að umönnunaraðilinn sé næmur og leikinn í að lesa barnið rétt. Þegar örugg tengsl eru til staðar skynja börn umönnunaraðila það sem örugga höfn. Það er að þau eru viljug að kanna umhverfi sitt þegar þau eru örugg og leita huggunar þegar þau eru óörugg. Þrátt fyrir að börn upplifi mikinn ótta við aðskilnað frá umönnunaraðila þá finna þau strax til öryggis þegar þau fá hann aftur og eru jafnframt tilbúin að leika sér aftur (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Börnin horfa á foreldrana og viðbrögð þeirra í ókunnum aðstæðum og bregðast við í samræmi við viðbrögð foreldranna. Þannig getur barn í öruggum tengslum fyrir aðlagast ókunnum aðstæðum en ella (Purvis o.fl., 2007). Kjörforeldrar sem eru með ættleiðingarpunglyndi upplifa oft óöryggi og finnst þeir vera að missa stjórn á aðstæðum. Þeim gengur því oft illa að bregðast við þörfum kjörbarnsins á viðeigandi hátt sem hefur áhrif á tengslamyndunina (Foli Thompson, 2004).

Börn með óörugg tengslamynstur eiga oft umönnunaraðila sem eru fjarlægir, finnst líkamleg snerting óþægileg og þegar börn þeirra eru döpur þá draga þeir sig í hlé. Til að laga sig að umönnunaraðila sínum bæla börnin þörf sína fyrir hann og forðast þannig höfnun og reiði. Öruggir umönnunaraðilar bregðast við þörfum barnsins á viðeigandi hátt öfugt við óörugga umönnunaraðila sem eru ekki vel stilltir inn á þarfir barnsins og kunna því ekki að bregðast rétt við þeim (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Flest kjörbörn koma af stofnunum þar sem þau byrja fyrstu vikurnar og mánuðina með mörgum öðrum börnum ásamt lítilli og ópersónulegri umönnun, litlum samskiptum og lítilli snertingu. Börnin njóta ekki nærandi umönnunar og nálægðar og missa af mjög miklu í frumbersku líkt og börn sem upplifa einangrun, vanrækslu, ofbeldi eða misnotkun í uppeldinu. Þau þroskast því ekki á þann hátt sem eðlilegt getur talist, bæði líkamlega og andlega. Vegna þessara aðstæðna getur börnin skort getuna til að tengjast annarri manneskju því þau hafa aldrei myndað tengsl við annað fólk í frumbersku. Skortur á nánum tengslum veldur því að sum barnanna vantar jafnvel grundvallar siðferðisvitund sem segir þeim hvað er rétt eða rangt. Þar sem engin svörun frá umönnunaraðila hefur átt sér stað geta börnin sýnt óæskilega hegðun eins og að segja ósatt, taka hluti ófrjálsri hendi og verið grimm. Ást frá umönnunaraðila,

umhyggja og athygli eru því lífsnauðsynlegir þættir sem börn þurfa til að þroskast eðlilega á allan hátt (Purvis o.fl., 2007).

Ástæða þess að fyrstu tengslamynstur eru svo áhrifamikil er sú að þau eiga sér stað þegar barnið er ósjálfbjarga og heili þess enn í mótun. Þeim er svo viðhaldið í gegnum margra ára samskipti við foreldrana eða umönnunaraðilana sem mynduðu tengslin í upphafi (Sæunn Kristinsdóttir, 2009). Margt getur haft áhrif á myndun öruggra tengsla en þar má nefna reynslu foreldranna sjálfra af tengslum við þeirra nánustu, álag af ýmsum toga eins og veikindi og fleira (Valgerður Baldursdóttir, 1999). Ættleiðingarþunglyndi eru veikindi sem geta haft áhrif á tengslamyndun (Fontenot, 2007; Foli og Thompson, 2004).

Þetta sýnir að mikilvægt er að styrkja kjörforeldra sem fyrst í því að lesa barn sitt rétt. Til þess þurfa kjörforeldrar að fá margs konar stuðning eða hjálp við að hugsa um tilfinningar sem vakna við umönnun barnsins, njóta nærveru fullorðinnar manneskju, uppörvunar og hvíldar. Börn sem greinast með örugg tengslamynstur reynast vera með betri sjálfsmynd, í betra tilfinningalegu jafnvægi, sýna meiri seiglu og hafa meira frumkvæði, félagslega færni og einbeitingu heldur en þau börn sem greinast með óörugg tengslamynstur. Þau eiga auðveldara með að setja sig í spor annarra og sýna samkennd sem minnkar líkur á að þau komi illa fram við önnur börn. Sterk sjálfsmynd eflir börnin jafnframt í því að takast á við mótlæti og þau leita hjálpar áður en í óefni er komið. Þetta eru allt hlutir sem skipta miklu máli í uppeldi barna (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Það er því til mikils að vinna að tengslamyndun gangi sem best í aðlögunarferli kjörfjölskyldunnar.

3.2 Sérstaða ættleidda barnsins

Að ala upp kjörbarn er ekki að öllu leyti frábrugðið því að ala upp líffræðilegt barn. Það sem er ólíkt er sú fortíð sem barnið á áður en það kemur til kjörforeldranna. Upplýsingar um fyrstu mánuði eða ár barnsins eru ekki til staðar og kjörforeldrar fá aldrei að vita hvernig atlæti barnið þeirra hefur fengið þann tíma (Melina, 2002; Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Ættleidd börn hafa sára og djúptæka lífsreynslu þar sem þau hafa þurft að ganga í gegnum og lifa við varanlegan aðskilnað við líffræðilegu foreldrana (Valgerður Baldursdóttir, 2009). Aðskilnaðurinn við líffræðilega foreldra verður stundum við

upphaf ættleiðingar en oftast hafa þau verið í umsjá óviðkomandi, tímabundið, á stofnun eða á fósturheimilum. Oftast hefur aðskilnaður við líffræðilega foreldra orðið það snöggur að barnið hefur ekki náð að tengjast foreldrum sínum áður en þeir hurfu úr lífi þess. Skilningur á mikilvægi tengslanna er nauðsynleg forsenda þess að skilja hvers vegna aðskilnaður barns við foreldra veldur sterkum tilfinningalegum viðbrögðum hjá barni (Barth o.fl., 2005; Valgerður Baldursdóttir, 1999).

Það getur tekið tíma fyrir kjörforeldrana að átta sig á hvað kjörbarnið hefur upplifað áður en það kom í hendur þeirra og tenginguna á milli fortíðar kjörbarnsins og þeirra áskorana sem það stendur frammi fyrir eftir ættleiðingu (Singer og Krebs, 2008). Kjörbarnið getur tekið ýmis konar reynslu með sér eins og missi líffræðilegra foreldra, vera yfirgefið ásamt sorginni sem því fylgir, erfiðleika viðtengslamyndun, skerðingu á vitrænum þroska, vandkvæði í hreyfiþroska og samhæfingu hreyfinga, vöntun á úrvinnslu skynjunar, hræðslu, reiði, skömm, kvíða, depurð, endurhvarf til fortíðar og jafnvel áfallastreituröskun (Purvis o.fl., 2007; Singer og Krebs, 2008). Kjörbörn sem eyða fyrstu mótunarmánuðum eða mótunarárum ævinnar í örvunarsnaudu umhverfi geta einnig átt í erfiðleikum með að tengjast seinna meir þegar þau eru komin á gott heimili (Federici, e.d.; Purvis o.fl., 2007). Vegna þessara sérstöku aðstæðna í lífi kjörbarnsins á það rétt á skilningi, ást og umhyggju í miklum mæli (Valgerður Baldursdóttir, 2009). Ef börnum er vel sinnt af foreldrum og þau fá gott atlæti og umönnun frá upphafi þá eiga þau möguleika á að læra, elska og dafna eðlilega. Hlutverk kjörforeldranna er að veita kjörbörnunum þá ást og umönnun sem þau hafa farið á mis við áður en þau voru ættleidd, þannig að sár þeirra geti gróið og þau geti vaxið og dafnað (Purvis o.fl., 2007).

3.2.1 Vandkvæði í tengslamyndun

Sjaldgæft er að kjörbarnið tengist kjörforeldrum sínum frá fyrsta degi og er það í raun mjög óraunhæft því það tekur tíma fyrir kjörbarnið að aðlagast og átta sig á nýjum aðstæðum ásamt því að kynnast og læra að treysta nýjum umönnunaraðilum, kjörforeldrunum. Oft hafnar kjörbarnið öðru eða báðum kjörforeldrunum en þá er vert að skoða hlutina út frá því sem á undan er gengið og

forsendum barnsins til að tengjast tilfinningalega. Barnið er þó ekki að hafna kjörforeldrunum sem persónum (Valgerður Baldursdóttir, 2009; Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Í þessum tilfellum er mikilvægt að það kjörforeldri sem er hafnað búi yfir mikilli þolinmæði og nálgist kjörbarnið smám saman á forsendum þess og virði mörkin sem kjörbarnið setur (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005).

Þegar nauðsynleg tengslamyndun er ekki fyrir hendi fyrsta æviár barns og þörfum þess er ekki sinnt verða til vantraust og vandkvæði í tengslamyndun. Margt getur haft áhrif á það hvort vandkvæði koma upp í tengslamyndun milli barns og umönnunaraðila. Þar má til dæmis nefna það þegar barn hefur verið hjá mörgum umönnunaraðilum fyrsta æviárið, spítalavist barns sem veldur mikilli fjarveru frá umönnunaraðila, ættleiðingarþunglyndi sem veldur því að umönnunaraðilinn verður ófær um að tengjast barninu tilfinningalega, þegar foreldrar barns eru með tengslaröskun en það leiðir til óöruggrar tengslamyndunar, erfðafræðilegir eiginleikar, þroskaskerðing barns ásamt því að umönnunaraðili hefur ekki fengið þörfum sínum fullnægt en það leiðir til þess að hann er ekki fær um að lesa í þarfir barnsins (Weidman, 2006).

Þrátt fyrir þá staðreynd að fleiri þjóðir gerist aðilar að Haagsamningnum og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem ætlað er að bæta hag barna í heiminum, þá lengist tíminn sem börn þurfa að vera á stofnunum áður en þau eru lagalega ættleidd (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009). Þau læknisfræðilegu, vitrænu- og tilfinningalegu vandkvæði sem börn af stofnunum geta haft hafa áhrif á þróun ættleiðingarþunglyndis. Rannsókn Foli og Thompson (2004) og rannsókn Judge (2003) sýna að þarfir kjörbarnsins og hegðunarvandi þess eykur streitu hjá kjörforeldrum til muna ásamt því að auka líkur á ættleiðingarþunglyndi.

4. Staða kjörbarna

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar erlendis um alþjóðlegar ættleiðingar og hér á landi hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á málaflokknum. Rannsóknir á sviði ættleiðinga hafa í gegnum tíðina beinst að ættleidda barninu og aðlögun þess í nýju fjölskyldunni (Senecky o.fl., 2009; Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður

Jónsdóttir, 2010). Þrátt fyrir að rannsóknir á sviði ættleiðinga hafi sýnt fram á velgengni kjörfjölskyldna (McDonald, Propp og Murphy, 2001) eru færri rannsóknir sem hafa beint sjónum sínum að vanlíðan sem getur komið upp hjá kjörforeldrum í kjölfar ættleiðingar (Foli og Thompson, 2010; Payne o.fl., 2009). Engar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi.

Á Íslandi var gerð rannsókn á heilsu og líðan ættleiddra barna þar sem markmiðið var meðal annars að upplýsa hvort ættleidd börn og kjörforeldrar þeirra fengju viðeigandi þjónustu. Niðurstöður sýndu svipaða niðurstöðu og annars staðar en þó voru svör íslenskra foreldra nokkuð jákvæðari en erlendis þegar kom að spurningum um myndun góðra geðtengsla. Þau börn sem höfðu dvalið á stofnunum við slæman aðbúnað áður en þau voru ættleidd voru hlutfallslega fleiri með einhverfuleg einkenni ásamt því sem einkenni athyglisbrests með ofvirkni reyndust algengari í rannsókninni en rannsóknir á íslenskum börnum hafa bent til. Þegar kom að þjónustu og stuðningi við kjörbörn og kjörforeldra leiddu niðurstöður í ljós að auka þyrfti hann og þörfin hefði eflaust orðið meiri ef börnin í rannsókninni hefðu verið eldri þegar rannsóknin var gerð. Ástæðan er sú að flest barnanna voru undir sex ára aldri en líklegt er að alvarlegir erfiðleikar komi ekki fram fyrir en síðar á ævinni (Hrefna Friðriksdóttir, 2010; Íslensk ættleiðing, e.d.a.). Unnið er að annarri rannsókn sem miðar að því að auka þekkingu um ættleidd börn og málefni þeirra. Hún tekur til þátta eins og upplifunar og skoðana kjörforeldra. Frumniðurstöður sýna að kjörforeldrar leita lítið eftir ráðgjöf og aðstoð þrátt fyrir ýmis áhyggjuefni í tengslum við félagslega þætti, tengslamyndun, áfallastreitu, svefn og fleiri atriði. Þess ber að geta að niðurstöðurnar benda til þess að ef ráðgjöf hefði verið í boði fyrst eftir ættleiðinguna hefði stór hluti foreldra nýtt sér hana (Jórunn Elísdóttir, e.d.). Til samanburðar má nefna rannsókn Foli og Thompson (2010) þar sem fram kom að kjörforeldrar voru tregir við að leita sér hjálpar sökum hræðslu og sektarkenndar sem þeir upplifðu vegna vanlíðanar sinnar.

Að lokum má nefna langtímasniðsrannsókn um ættleidd börn af erlendum uppruna á Íslandi sem Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir eru að vinna að. Rannsóknin beinist að reynslu 20 íslenskra fjölskyldna af því að ættleiða börn erlendis frá og er fyrirhugað að fylgja kjörbörnunum fram á unglingsárin. Markmiðið með rannsókninni er að öðlast skilning á reynslu þessara kjörforeldra,

skoða hvernig móttöku barnanna er háttað ásamt því að fylgjast með því hvernig kjörbörnunum gengur að laga sig að samfélaginu, skóla og félagahópi (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að kjörforeldrar eru ánægðir með að hafa ættleitt barn þrátt fyrir mikil viðbrigði, mikla vinnu og þreytu fyrsta árið og tala um ættleiðinguna sem bestu ákvörðun lífsins. Rannsakendur lýsa fjölskyldunum sem sterkum fjölskyldum, það er fjölskyldum sem eru vel menntaðar, hafi stuðning innbyrðis og leiti úrræða í tæka tíð ef út af beri. Þær búi yfir eiginleikum og styrk sem geri þær að fyrirmyndarfjölskyldum. Kjörforeldrarnir eru yfirleitt eldri en kynforeldrar, með góðan efnahag, barnleysi einkennir fortíð þeirra og því meta kjörforeldrarnir mikils að eiga börn. Þær kjörfjölskyldur sem hafa ferðast saman í hópum til að ná í börn sín finna styrk í sameiginlegri reynslu bæði í ferðinni sjálfri og eins þegar heim er komið. Kjörforeldrarnir sem rætt var við gera sér grein fyrir mikilvægi tengslamyndunar og leggja mikla vinnu í að veita börnunum öryggi. Yfirleitt er sjálfstraust og öryggi kjörbarnanna gott og hafa þau aðlagast vel innan kjörfjölskyldna og leikskóla (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010). Börnin standa jafnfætis jafnöldrum sínum að sögn leikskólakennara og þeir hafa trú á að börnunum muni einnig farnast vel í grunnskóla (Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010). Þegar kemur að uppruna barnanna eru foreldrarnir almennt áhugasamir og opnir fyrir því að ræða hann við börnin að frumkvæði barnanna. Rannsóknin styður þær niðurstöður erlendra rannsókna að ættleidd börn séu gædd þrautseigju sem hjálpar þeim í erfiðleikum (Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

5. Ættleiðingarþunglyndi – vanlíðan kjörforeldra

Ekki er svo langt síðan ættleiðingarþunglyndi kom í umræðuna en það hefur lítið verið rannsakað, ólíkt fæðingarþunglyndi (Payne o.fl., 2009). Þunglyndi móður í kjölfar fæðingar nefnist fæðingarþunglyndi. Þunglyndi kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar er nefnt ættleiðingarþunglyndi (Post adoption blues eða Post adoption depression). Það var June Bond sem fyrst kom fram með hugtakið ættleiðingarþunglyndi árið 1995. Bond skrifaði grein í tímaritið *Roots & Wings*

Adoption Magazine. Greinin markaði tímamót varðandi greiningu á ættleiðingarpunglyndi sem hafði ekki verið í umræðunni fyrir þennan tíma. Nú hafa tímarit ætluð kjörforeldrum og fjölskyldum þeirra áttað sig á þörfinni fyrir að opna umræðu um þessa tegund þunglyndis í bandarísku samfélagi (Foli og Thompson, 2004; Macrae, 2006).

Ættleiðingarpunglyndi má flokka niður í vægt ættleiðingarpunglyndi eða vanlíðan (post adoption blues) og ættleiðingarpunglyndi (post adoption depression) (Foli og Thompson, 2004). Ættleiðingarpunglyndi má líkja við fæðingarpunglyndi en einkenni fæðingarpunglyndis og áhrif þess eru margs konar. Sett hafa verið fram nokkur einkenni fæðingarpunglyndis samkvæmt greiningarviðmiði DSM-IV-TR sem er greiningarkerfi bandarísku geðlæknasamtakanna (American Psychiatric Association). Einkennin sem um ræðir þurfa að hafa verið til staðar í að minnsta kosti tvær vikur og fela í sér breytingar frá fyrri virkni. Einkennin eru depurð eða þunglyndi, áhugaleysi og/eða ánægjuleysi, svefntruflanir eins og óhóflega mikill svefn eða ekki nægilegur svefn, þreyta, minnkuð eða aukin matarlyst, kvíði og óöryggi, sektarkennd og skömm, þrekleysi og framtaksleysi, lækkað sjálfsmat og jafnvel lífsleiðahugsanir eða sjálfsskaðahugleiðingar (Foli og Thompson, 2004; Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson, 2008; Macrae, 2006). Þetta eru sömu einkenni og kjörforeldrar með ættleiðingarpunglyndi hafa fyrir utan lífsleiðahugsanirnar. Ættleiðingarpunglyndi og fæðingarpunglyndi eiga það einnig sameiginlegt að einkennin eru breytileg milli foreldra, sumir upplifa mikla sektarkennd á meðan aðrir upplifa meiri kvíða og enn aðrir meiri depurð. Því hefur verið haldið fram að það sem greini ættleiðingarpunglyndi og fæðingarpunglyndi að er hvenær þunglyndi kemur fram eftir ættleiðingu eða barnsburð (Foli og Thompson, 2004). Samkvæmt greiningarviðmiðinu DSM-IV-TR þarf þunglyndið að koma fram innan fjögurra vikna eftir barnsburð til að geta talist fæðingarpunglyndi en þessu eru ekki allir sammála. Mesta hættan á fæðingarpunglyndi eftir barnsburð er frá annarri viku og alveg fram að 18 mánuðum eftir barnsburð (Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson, 2008).

Upptök ættleiðingarpunglyndis getur hins vegar hafist árum eftir komu kjörbarnsins á heimilið og ástandið getur varað í nokkur ár.

Ættleiðingarþunglyndi, eins og fæðingarþunglyndi, hefur sínar hæðir og lægðir og getur atburður hrundið af stað bráðu ættleiðingarþunglyndi sem síðan þróast yfir í áframhaldandi þunglyndi (Foli og Thompson, 2004; Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson, 2008). Þunglyndi eru veikindi sem oft eru ekki greind eða meðhöndluð. Þunglyndi er almennt algengara hjá konum en körlum og tíðni þunglyndis eykst hjá konum á barneignarárum þeirra (Foli og Thompson, 2004).

Þrátt fyrir að ættleiðingarþunglyndi séu veikindi sem eru algengari hjá konum en körlum þá hefur það engu að síður mikil áhrif á kjörfeðurna og þeir geta einnig upplifað ættleiðingarþunglyndi. Ef kjörmóðir er þunglynd þá eykur það líkurnar á þunglyndi kjörföður. Einkennin eru þó ekki öll þau sömu hjá kynjunum. Karlar verða ekki endilega daprir, fá sektarkennd eða verða vanmáttugir líkt og konurnar en þeir geta orðið áhugalausir og truflun orðið á svefnmynstri þeirra. Þeir geta orðið mjög reiðir og árásargjarnir, aukið vinnu, sýnt áhættuhegðun eins og áfengisneyslu og oftast en ekki reyna þeir að fela líðan sína fyrir fjölskyldu og vinum. Karlar leita einnig síður en konur til vina til að ræða um tilfinningar (Foli og Thompson, 2004). Þegar viðhorf og líðan kjörforeldra, sem hafa upplifað ættleiðingarþunglyndi, eru skoðuð þá kemur í ljós munur á kynjunum. Í rannsókn á ættleiðingarþunglyndi, sem gerð var í Bandaríkjunum af Foli og Thompson (2010), lýsa kjörforeldrar líðan sinni. Þar kemur fram að kjörfeður virðast upplifa mikla reiði og þreytueinkenni og vilja fá lausn og hjálp í erfiðum aðstæðum þeirra. Þeir nefna meðal annars það hve lítinn stuðning, hjálp og upplýsingar þeir hafi fengið hjá fagfólki, meðferðaraðilum og kennurum. Það kom einnig fram hjá sumum kjörfeðrum að þeim fannst fagfólk segja þeim það sem þeir héldu að kjörfjölskyldurnar vildu heyra, að „aðlögunin gengi vel“ eða að „barnið yxi upp úr þessu“. Kjörmæður virtust ekki finna fyrir reiði í eins miklum mæli og kjörfeðurnir en lýstu mikilli þreytu og skorti á trausti til kjörbarnsins. Þær nefndu einnig skort á tengslum við kjörbarnið. Kjörmæður virtust vinna á reiðinni með því að ræða við aðrar kjörmæður. Niðurstöður sem þessar eru mikilvægar fyrir fagfólk því með slíkum upplýsingum er hægt að móta starfið með kjörfjölskyldunum og standa betur við bakið á þeim og veita þær upplýsingar, stuðning og ráðgjöf sem hentar kjörfjölskyldunum til að draga úr vanlíðan eða

ættleiðingarpunglyndi og þá jafnframt að auka líkur á því að kjörbarninu farnist betur í nýju fjölskyldunni.

5.1 Orsök og áhrifaþættir

Þungun og fæðing barns eru gleðilegir atburðir í flestum fjölskyldum. Þessi skyndilega breyting á hlutverkum og lífi fjölskyldunnar getur þó valdið röskun á tilfinningalegu jafnvægi hjá nýbökkuðum mæðrum og orsakað mikla vanlíðan eða fæðingarpunglyndi. Ættleiðing er eins og áður segir ein leið til að búa til fjölskyldu. Fyrir utan meðgönguna sjálfa þá upplifa kjörforeldrar sömu tilfinningar og líffræðilegir foreldrar þegar nýtt barn kemur í fjölskylduna. Kjörforeldrar eins og líffræðilegir foreldrar, þurfa að takast á við nýja foreldrahlutverkið. Auk þess hafa kjörforeldrar þurft að vinna úr tilfinningum vegna barnleysis. Þeir hafa einnig undirgengist hæfnismöt á vegum stjórnvalda og ættleiðingafélags til að standast þær kröfur sem settar eru vegna ættleiðingar barns og bíða svo að lokum eftir barninu án þess að vita nákvæmlega hvenær biðinni lýkur (Senecky o.fl., 2009; Payne o.fl., 2009).

Nokkrar kenningar hafa verið notaðar til að skýra orsök og áhrifaþætti ættleiðingarpunglyndis. Svo virðist sem sömu áhrifaþættir og einkenni tengist ættleiðingarpunglyndi og fæðingarpunglyndi eins og áður segir en svo eru aðrir áhrifaþættir sem eingöngu tengjast vanlíðan kjörforeldra (Foli og Thompson, 2004). Áhrifaþættir geta verið sálrænir, félagslegir og líkamlegir en sálrænir og félagslegir þættir skipta hér meira máli (Dean, Dean, White og Liu, 1995; Foli og Thompson, 2010; Payne o.fl., 2010;). Sálrænir þættir geta verið breytingar á hlutverki í fjölskyldunni, einstaklingur verður foreldri og þar verður fjölskylda. Skyndilega verður aukin ábyrgð og kjörforeldrar upplifa að þeir eru ófærir um að takast á við kjörbarnið. Saga kjörforeldranna skiptir einnig máli og það hvernig bernska kjörforeldranna var ásamt áföllum sem þeir hafa upplifað á lífsleiðinni. Fyrri saga um þunglyndi er stór áhrifaþáttur þegar kemur að ættleiðingarpunglyndi sem þýðir að ef einstaklingur hefur verið þunglyndur fyrir ættleiðingu eru meiri líkur á því að viðkomandi upplifi ættleiðingarpunglyndi í kjölfar ættleiðingar (Foli og Thompson, 2004; Payne o.fl., 2010; Macrae, 2006).

Auk þessara þátta bætist aukaálag á kjörforeldra eins og glíman við ófrjósemi og jafnvel óuppgerða sorg. Ef kjörforeldrar hafa tekist á við sorgina yfir barnleysinu gengur þeim betur að tengjast kjörbarninu og veita því þá væntumþykju sem það á skilið og rétt á (Valgerður Baldursdóttir, 2009). Mikilvægt er að takast á við þessa sorg strax í byrjun eða áður en ættleiðingarferlið hefst. Annars er hættu á að kjörbarnið verði aðeins uppbót fyrir barnið sem kjörforeldrarnir gátu ekki eignast (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Fleiri þætti má nefna eins og mat á foreldrahæfni, ættleiðingarferlið sjálft, óvissuna sem fylgir biðinni eftir ættleidda barninu, fordóma sem stundum koma upp í kringum ættleiðinguna og að lokum mögulegan þroskavanda kjörbarnsins eftir heimkomu ásamt hugsanlegum vandkvæðum í tengslamyndun (Foli og Thompson, 2004; Senecky o.fl., 2009).

Það hefur sýnt sig að þarfir barnsins hafa einnig mikil áhrif á líðan kjörforeldra. Þeim mun meiri sem andlegar eða líkamlegar þarfir kjörbarnsins eru því meiri líkur eru á að ættleiðingarpunglyndi geri vart við sig (Foli og Thompson, 2004). Hegðunarvandi kjörbarna eykur einnig streitueinkenni til muna hjá kjörforeldrum (Judge, 2003; Gair, 2007). Þar sem kjörmóðirin er oftast aðalumönnunaraðili kjörbarnsins í byrjun hefur líðan kjörbarnsins oftast mest áhrif á líðan kjörmóðurinnar. Umönnun kjörbarnsins vekur upp tilfinningar frá hennar eigin frumbersku Hún getur glatað tilfinningu fyrir styrk sínum og upplifað sig sem takmarkaða, vanmáttuga og fundist hún vera að missa stjórn á aðstæðum (Foli og Thompson, 2004).

Fordómar eru þáttur sem vert er að huga að í tengslum við ættleiðingar. Kjörforeldrar þurfa að hugsa út í og taka afstöðu snemma í ferlinu hvernig þeim líður varðandi það að ættleiða barn af öðrum kynþætti sem er jafnvel með annan litarhátt. Þetta er mjög mikilvægt atriði fyrir kjörforeldra að ígrunda vel því þeir munu þurfa að svara spurningum varðandi uppruna barnsins og kynþátt. Sjálfsmynd kjörbarnsins mótast meðal annars af því hvernig kjörforeldrar bregðast við spurningum annarra og jafnvel fordómum (Ingibjörg Jónsdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Birgisdóttir, 2005; Sakaeda, 2006). Það að kjörforeldrar og kjörbarn séu ekki af sama kynþætti, hafi ólíkan menningarlegan og trúarlegan

bakrunn ásamt því að mæta kynþáttafordómum í samfélaginu er einn af áhrifaþáttum í þróun ættleiðingarpunglyndis (Senecky o.fl., 2009).

Þegar heim er komið með kjörbarnið hefst langt aðlögunarferli hjá allri kjörfjölskyldunni. Allt sem barnið þekkti er horfið og það þarf nú að takast á við alveg nýja veröld og nýja umönnunaraðila. Til að tengslamyndun takist sem best er mikilvægt fyrir kjörforeldra að skapa ró á heimilinu og er kjörforeldrum ráðlagt að hafa mjög hægt um sig í byrjun (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005).

Kjörforeldrahlutverkið er ábyrgðarmikið, krefjandi, margslungið og oft vanmetið. Í raun er umhugsunarvert hvers vegna þunglyndi er ekki mun algengara hjá kjörforeldrum en líffræðilegum foreldrum. Ástæðan er líklega sú að áhrifa verndandi þátta gætir eins og betri félagsleg staða kjörforeldra, þeir eru metnir með tilliti til foreldrahæfni í ættleiðingarferlinu (Senecky o.fl., 2009; Payne o.fl., 2009) og eru í flestum tilfellum vel menntaðir (Judge, 2003; Payne o.fl., 2009; Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Rannsókn Senecky og féлага (2009) beinir sjónum að því hvernig líffræðilegar mæður og kjörmæður upplifa það að verða foreldrar. Rannsóknin leiddi í ljós að ekki er marktækur munur á fæðingarpunglyndi og ættleiðingarpunglyndi meðal foreldra. Þessi niðurstaða hafnar þeirri útbreiddu hugmynd að fæðingarpunglyndi sé bein afleiðing af þeim líkamlegu breytingum sem eiga sér stað á meðgöngu og eftir fæðingu. Rannsókninni ber einnig saman við fleiri rannsóknir sem segja að erfiðlega hafi tekist að sýna fram á tengsl fæðingarpunglyndis og þeirra hormónabreytinga sem verða í kjölfar barnsburðar (Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir og Jóhann Friðrik Sigurðsson, 2008). Senecky og félagar (2009) vilja meina að sömu breytingar eigi sér stað í kjölfar þess að kona verði móðir, hvort sem um er að ræða líffræðilega- eða kjörmóður.

5.1.1 Væntingar til ættleiðingarinnar

Væntingar til ættleiðingarinnar og kjörforeldranna hafa hvað mest áhrif þegar kemur að ættleiðingarpunglyndi og þróun þess og er því vert að skoða það nánar. Kjörforeldrar hafa miklar væntingar til sín sem foreldra og einnig til kjörbarnsins. Væntingar af hálfu vina, ættingja og samfélagsins í heild eru ekki síður mikilvægir

þættir og hafa þær væntingar bein áhrif á þróun ættleiðingarpunglyndis (Foli og Thompson, 2010; Senecky o.fl., 2009).

Væntingar kjörforeldra hafa mikið að segja og oft eru þær ómeðvitaðar. Kjörforeldrar byggja upp miklar væntingar í ættleiðingarferlinu og hafa ákveðnar hugmyndir um það hvernig þeir ætla að haga foreldrahlutverkinu. Þeir gera oft óraunhæfar kröfur til sín sem foreldra og vilja vera fullkomnir foreldrar. Foreldrahlutverkið getur svo orðið öðruvísi og erfiðara en kjörforeldrar gerðu sér í hugarlund og því getur fylgt mikið álag sem leiðir til vanlíðanar og ættleiðingarpunglyndis. Kjörforeldrar hafa væntingar til kjörbarnsins en það er sama hversu vel barninu tekst að uppfylla undirliggjandi væntingar kjörforeldranna, það mun bregðast þeim (Foli og Thompson, 2004; Foli og Thompson, 2010). Ef kjörbarnið finnur fyrir kröfum og væntingum í sinn garð sem það ræður ekki við getur það brugðist við með því að sýna óróleika, kvíða, reiði, andstöðu eða uppgjöf og vanvirkni (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Því meira sem kjörforeldrar eru meðvitaðir um þessar óraunhæfu væntingar, því auðveldara verður það fyrir þá að hleypa fleiri og oft raunhæfari væntingum að (Foli og Thompson, 2004; Foli og Thompson, 2010).

Væntingar frá ættingjum og vinum hafa líka mikil áhrif á líðan kjörforeldra ásamt viðhorfum í samfélaginu. Þegar fjölskylda ákveður að ættleiða barn er mikilvægt að vera búin að ræða það við fjölskyldu og nánustu vini, opna umræðuna og gefa fólki tíma til að hugleiða ættleiðinguna áður en kjörbarnið kemur heim. Kjörforeldrar upplifa þó oft vonbrigði með viðbrögð fjölskyldu og vina þegar á reynir og kjörbarnið er komið heim. Skilningsleysis getur gætt og oft áttar fólk sig ekki á sérstöðu kjörbarnsins. Sem dæmi má nefna ef kjörbarn fær útrás fyrir vanlíðan sína og sorg með svokölluðu bræðikasti eins og mörg kjörbörn gera, þá halda margir að það tengist frekju kjörbarnsins. Þegar kjörforeldrar finna að þeir njóta ekki þess stuðnings fjölskyldu og nánustu vina sem þeir reiknuðu með, draga þeir sig í hlé og forðast að ræða tilfinningar sínar tengdar ættleiðingunni. Þessi skortur á skilningi og stuðningi eykur vanmáttartilfinningu kjörforeldra og vanlíðan (Foli og Thompson, 2004).


Með því að ættleiða barn hafa kjörforeldrar á vissan hátt afsalað sér réttinum á friðhelgi því samfélagið vill fá svör við spurningum og vangaveltum

varðandi ættleiðinguna enda þykir hún bæði áhugaverð og forvitnileg (Foli og Thompson, 2004). Samfélagið horfir á ættleiðingar í ljóma og aðallega er rætt um jákvæðar tilfinningar kjörforeldranna og ekki er mikið rými fyrir neikvæðu og erfiðu tilfinningarnar eins og vanlíðan, þreytu eða depurð (Foli og Thompson, 2004; Valgerður Baldursdóttir, 2009). Samfélagið lítur á kjörforeldra sem nokkurs konar góðgerðarfólk með því að kjósa ættleiðingu (Valgerður Baldursdóttir, 2009). Krafan um fullkomnu foreldrana er mikil í samfélaginu og ef kjörforeldrar tjá neikvæðar tilfinningar í kjölfar ættleiðingarinnar fá þeir að heyra að þeir séu vanþakklátir og hvort þetta hafi ekki verið það sem þeir sóttust eftir. Þessi viðbrögð samfélagsins valda auknu álagi á kjörfjölskylduna og kjörforeldrar eiga það til að loka sig af þegar kemur að því að ræða tilfinningar og líðan í kjörforeldrahlutverkinu (Foli og Thompson, 2004).

Kjörforeldrar tilheyra minnihlutahópi í samfélaginu sem er nýtt fyrir þá (Foli og Thompson, 2004). Það að ættleiða barn þýðir að álitamál, eins og mál sem varðar innflytjendur og flóttamenn, eru nú orðin mál sem varða kjörfjölskylduna og hún þarf að taka afstöðu til í samfélaginu. Áður en kjörbarnið varð hluti af fjölskyldunni var málið henni ekki skylt en þegar kjörbarn sem er ekki af sama kynþætti og kjörforeldrarnir er orðið hluti af kjörfjölskyldunni kemur málið kjörfjölskyldunni við. Í samfélaginu utan kjörfjölskyldunnar kynnist kjörbarnið viðmóti sem markast af útliti þess og það fær spurningar um uppruna sinn. Það hvernig kjörfjölskyldan tekur á þessum sértæku þáttum, sem ættleiðingunni fylgja, skiptir sköpum fyrir möguleika kjörbarnsins til að takast á við þessa afstöðu samfélagsins. Vegna nýju fjölskyldutengslanna sem hafa orðið í kjölfar ættleiðingarinnar er kjörbarnið vissulega íslenskt og hluti af íslenskri menningu. Afstaða kjörforeldranna til fólks sem er greinilega af öðrum kynþætti en það sjálft skiptir þó höfuðmáli þegar kemur að þeim hugmyndum sem kjörbarnið mun gera sér um sjálft sig þegar það eldist (Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir, 2005). Fjölskyldurnar upplifa það að fjarlægjast aðrar fjölskyldur vegna sérstöðu sinnar og miklu máli skiptir fyrir kjörfjölskyldur að hafa samband við og umgangast aðrar kjörfjölskyldur með svipaða reynslu til að fá stuðning og til að geta rætt tilfinningar sínar og upplifanir. Það að vera meðvitaðir um það hversu krefjandi verkefnið er og að hugleiða þau hugsanlegu vandkvæði

sem geta fylgt ætteleiðingunni undirbýr verðandi kjörforeldra betur undir kjörforeldrahlutverkið (Foli og Thompson, 2004; Dean o.fl., 1995).

Til að útskýra betur hversu mikil áhrif væntingar hafa á myndun ætteleiðingarþunglyndis hafa Foli og Thompson (2010) útbúið líkan sem sýnir á myndrænan hátt hvernig væntingarnar, áhrifaþættir og stuðningur samtvinnast.



Skýringarmynd 1 . Áhrif væntinga á ætteleiðingarþunglyndi.

5.2 Afleiðingar

Ætteleiðingarþunglyndi hefur áhrif á alla kjörfjölskylduna og þá sérstaklega kjörbarnið. Það hefur slæm áhrif á líkamlegan og tilfinningalegan þroska þess. Sem dæmi má nefna að áhugaleysi, sem er eitt af einkennum ætteleiðingarþunglyndis, hefur áhrif á tengslamyndun. Árattu- og þráhyggjuhugsanir hafa einnig hamlandi áhrif á þroska kjörbarnsins (Foli og Thompson, 2004).

Fæðingarþunglyndi virðist hafa langtímaáhrif á börn þunglyndra mæðra, þau eiga erfiðara með skilning, að tjá sig og eiga erfitt með nám. Þunglyndar mæður eru ekki næmar á tilfinningar barna sinna og börn þeirra eru ósamvinnuþýð. Með öðrum orðum, þunglyndi móður hefur mikil áhrif á hag barnsins. Kjörbörn sem eiga mæður, sem upplifa vanlíðan og óöryggi í kjölfar ætteleiðingar, finna sjálf til óöryggis og bregðast við með árásargirni. Tímabilið sem ætteleiðingarþunglyndið varir virðist hafa forspárgildi um það hve lengi þunglyndið

hefur áhrif á kjörbarnið (Foli og Thompson, 2004). Samkvæmt rannsókn Foli og Thompson (2010) hefur þunglyndi alltaf áhrif á börnin, hvort sem um er að ræða fæðingar- eða ættleiðingarþunglyndi. Þessir fræðimenn færa rök fyrir því að kjörbörn séu viðkvæmari gagnvart áhrifum í kjölfar ættleiðingarþunglyndis kjörmóður þar sem þau eiga brothættari fortíð að baki og eru þar af leiðandi viðkvæmari en börn sem alast upp hjá líffræðilegri móður með þunglyndi. Frekari rannsókn er þó þörf til að meta betur áhrif ættleiðingarþunglyndis á kjörbörn til lengri tíma litið (Foli og Thompson, 2004).

5.3 Stuðningur og ráðgjöf

Áreiðanlegt er að stuðningur og ráðgjöf skiptir höfuðmáli í ættleiðingarferlinu öllu og sérstaklega þegar um er að ræða streitu eða vanlíðan kjörforeldra. Stuðningur og ráðgjöf er sérstaklega mikilvægur eftir ættleiðingu, þegar kjörbarn er að aðlagast nýju kjörfjölskyldunni (Atkinson og Gonet, 2009; MacDonald o.fl., 2001; Foli og Thompson, 2010). Stuðningur getur verið margs konar. Hann getur komið frá fjölskyldu, vinum, fagfólki og samfélaginu í heild og getur verið í formi skilnings, umhyggju og hlýju fjölskyldu og vina en einnig í formi stuðningshópa kjörfjölskyldna þar sem hægt er að ræða líkar upplifanir og velta upp lausnum á ákveðnum vanda (Foli og Thompson, 2010; Atkinson og Gonet, 2007). Í slíkum hópi geta kjörforeldrar rætt jákvæðar og neikvæðar tilfinningar sínar opinskátt og fá skilning og viðurkenningu. Það skiptir jafnframt máli að stuðningurinn og ráðgjöfin sem veitt er kjörfjölskyldum komi á þeim tíma sem þeir þurfa á því að halda, oft í langan tíma og mikilvægt er að kjörforeldrar hafi vitneskju um þann stuðning og þá ráðgjöf sem stendur þeim til boða hverju sinni (Atkinson og Gonet, 2007).

Rannsókn Molinari og Freeborn (2006) á þörf kjörfjölskyldna barna með sérþarfir leiddi í ljós þörf kjörfjölskyldnanna fyrir stuðning og ráðgjöf frá fagfólki. Til að styrkja stuðningsnet sitt fyrir ættleiðingu getur hvatning frá fagfólki skipt máli. Það er í aðstöðu til að gefa væntanlegum kjörforeldrum upplýsingar og leiðbeiningar sem geta skipt sköpum varðandi upplifun og skilning kjörforeldranna á foreldrahlutverkinu. Rannsókn Atkinson og Gonet (2007) leiddi til sömu niðurstöðu, þörf kjörfjölskyldna fyrir stuðning og ráðgjöf frá fagfólki.

Kjörfaðir hefur mikilvægu stuðningshlutverki að gegna í þeim tilfellum sem kjörmóðirin upplifir ættleiðingarþunglyndi. Mikilvægt er að kjörfaðirinn trúi því að hann sé mikilvægur þrátt fyrir að hann sé oft ekki í fyrsta sæti vikunnar eftir ættleiðinguna. Kjörmóðirin þarf að hlúa að kjörbarninu og kjörfaðirinn þarf að hlúa að henni og kjörbarninu. Ef kjörmóðirin er þunglynd gegnir kjörfaðir ekki einungis því hlutverki að styðja kjörmóðurina heldur einnig að sjá um kjörbarnið, veita því örvun og öryggi. Þannig stuðlar hann að tengslamyndun og styður við þroskaferil barnsins (Foli og Thompson, 2004). Stuðningur frá maka, fjölskyldu og vinum getur dregið úr og komið í veg fyrir ættleiðingarþunglyndi ef hann er fyrir hendi (Senecky o.fl., 2009).

Hægt er að draga úr eða jafnvel koma í veg fyrir ættleiðingarþunglyndi með góðum stuðningi og þjónustu í kjölfar ættleiðingar ásamt því að þjálfar og mennta félagsráðgjafa og heilbrigðisstarfsfólk í ættleiðingarmálum. Félagssráðgjafar og heilbrigðisstarfsfólk á heilsugæslustöðvum er í góðri aðstöðu til að veita kjörforeldrum stuðning og ráðgjöf. Þegar kjörforeldrar koma með börnin í eftirlit á heilsugæslustöð er hægt að spyrja varfærinna spurninga til að fá upplýsingar um það hvernig aðlögunin gengur (Foli og Thompson, 2010). Með víðtækri þekkingu fagfólks og skilningi á aðstæðum og líðan kjörforeldra getur fagfólk stutt kjörfjölskyldur sem upplifa streitu og óöryggi í nýja foreldrahlutverkinu (Fontenot, 2007).

6. Félagssráðgjöf

Komið hefur fram að ættleiðingarferlið er þess eðlis að kjörforeldrar þurfa stuðning, fræðslu og ráðgjöf til að geta komið sem best til móts við þarfir kjörbarnsins og myndað örugg og góð tengsl við það. Mikilvægt er því að fagfólk með góða þekkingu á ættleiðingarmálum og kjörfjölskyldum komi við sögu bæði fyrir og eftir ættleiðingu. Það gegnir stóru hlutverki í ættleiðingarferlinu og því þarf að huga að menntun þess og sérhæfingu.

Þegar framkvæmd ættleiðinga og lög eru borin saman hér á landi og á Norðurlöndunum kemur í ljós að mikill munur er á uppbyggingu ættleiðingarkerfisins. Þá er átt við fjölda, menntun og sérhæfingu þess fagfólks

sem gegnir hlutverki í ættleiðingarmálum svo og umfang starfsins sem það vinnur. Þetta er meiri munur en hægt er að réttlæta með mannfjöldamun eða fjölda mála (Hrefna Friðriksdóttir, 2010).

Félagsráðgjafar eru fagfólk sem eru vel til þess fallnir að styðja við kjörfjölskyldur. Grundvöllur félagsráðgjafar er meðal annars að hafa góða heildarsýn, bera virðingu fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings ásamt því að hafa trú á getu einstaklingsins til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Félagráðgjafinn sinnir starfi sínu án manngreinarálits og virðir réttindi allra. Hann leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust og kemur fram við skjólstæðinga af heiðarleika og virðingu. Í vinnu með skjólstæðingum upplýsir félagráðgjafinn þá um réttindi og skyldur þeirra ásamt því að miðla hjálparmöguleikum. Jafnframt virðir hann rétt hvers einstaklings til sjálfsákvörðunarréttar svo lengi sem það skaðar ekki aðra. Ef skjólstæðingar eru ófærir um að gæta hagsmuna sinna sjálfir er það skylda félagsráðgjafa að gæta þess að réttur skjólstæðinga hans sé virtur (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Þegar ættleiðingarþunglyndi gerir vart við sig í kjörfjölskyldum finna kjörforeldrar fyrir sektarkennd og hræðslu, eiga það til að einangra sig og sækjast því ekki eftir faglegri aðstoð til að gæta hagsmuna kjörbarnsins (Foli og Thompson, 2004; Foli og Thompson, 2010). Félagráðgjafar koma að ættleiðingarferlinu í byrjun þegar þeir veita umsögn um tilvonandi kjörfjölskyldu og eru því í góðri aðstöðu til að koma upplýsingum á framfæri, útskýra áhættuþætti, einkenni og afleiðingar ættleiðingarþunglyndis þannig að kjörforeldrar geti verið á varðbergi gagnvart þeim tilfinningum sem upp geta komið í ættleiðingarferlinu.

6.1 Aðkoma félagsráðgjafa að ættleiðingarmálum

Í dag er aðkoma félagsráðgjafa í ættleiðingarferlinu aðallega fólgin í skýrslugerð. Hér á landi kemur félagsráðgjafi að ættleiðingarmálum þegar beiðni um að könnun á högum umsækjenda berst barnaverndarnefnd/félagsmálayfirvöldum í heimabyggð þeirra. Félagráðgjafi heimsækir tilvonandi kjörfjölskyldu og skrifar að lokum umsögn um umsækjendur, hagi þeirra og aðstæður með tilliti til hagsmuna barnsins. Umsögnin er lögð fyrir barnaverndarnefnd sem ákveður hvort hún mæli með umsækjendunum. Niðurstaða barnaverndarnefndar skal vera ítarlega

rökstudd og notast á við umsögn félagsráðgjafa eða annars fagmanns sem hefur kannað málið (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005; Gray, 2007).

Umsögn félagsráðgjafa þarf að vera vandlega og faglega unnin. Félagráðgjafi hefur það hlutverk að finna kjörbarninu kjörforeldra sem munu veita kjörbarninu góðar uppeldisaðstæður. Í heimsóknum sínum eiga félagsráðgjafar að sjá hverjir veikleikar og styrkleikar fjölskyldunnar eru. Þeir gegna fræðsluhlutverki og eiga að gæta siðferðis. Félagráðgjafar eiga alltaf að hafa hagsmuni kjörbarnsins að leiðarljósi um leið og þeir safna upplýsingum um tilvonandi kjörfjölskyldu. Þeir þurfa að vera færir um að meta hvernig tengslamyndun er í fjölskyldunni með það í huga að tengslamyndun þarf að ganga vel fyrir sig þegar kjörbarnið er komið á heimilið. Hafa ber í huga hvort tilvonandi kjörforeldrar komi til með að verða hæfir til að annast barnið, hvort sambönd í fjölskyldunni geti orðið eðlileg fyrir alla í kjörfjölskyldunni, hvort barnið muni hagnast á því að koma inn í fjölskylduna og hvort tilvonandi kjörforeldrar muni geta sinnt þörfum barnsins sem skyldi. Mikilvægt er að fá sem mest af upplýsingum um kjörfjölskylduna til að fá sem raunhæfasta mynd af aðstæðum hennar. Könnun á högum tilvonandi kjörfjölskyldu ætti því að gefa mynd af því hvort kjörforeldrarnir séu tilfinningalega heilbrigðir og hvort þeir séu líklegir til að mynda örugg tilfinningatengsl við kjörbarnið þegar það er komið í fjölskylduna. Mikilvægt er að þrír þættir séu til staðar hjá tilvonandi kjörforeldrum. Í fyrsta lagi þurfa þeir að búa yfir næmni fyrir þörfum annarra og getu til að bregðast við þeim. Í öðru lagi að búa yfir tilfinningalegum stöðugleika eða jafnaðargeði og eiga ekki óuppgerða sorg í farteskinu. Í þriðja lagi þurfa þeir að búa yfir getu til að sýna öðrum hluttekningu og samúð. Þessi þættir samtvinnast en kjörforeldrar sem hafa gert upp fortíðina og sorg öðlast tilfinningalegan stöðugleika og geta nýtt reynslu sína með því að sýna öðrum hluttekningu án þess að verða í uppnámi yfir eigin raunum. Þessum þáttum þarf félagsráðgjafi að leita vel eftir og því skiptir miklu máli að hann hafi hlotið þjálfun á þessu sviði ásamt því að hafa gott innsæi í samskiptum við annað fólk og geta komið auga á þá þætti sem einkenna góð fjölskyldutengsl (Gray, 2007). Þessir þættir, sem upp eru taldir, skipta sköpum þegar kemur að ættleiðingarþunglyndi og þróun þess en óuppgerð sorg í kjölfar barnleysis er einn af áhrifaþáttum þess (Valgerður Baldursdóttir, 2009; Senecky o.fl., 2009).

Félagsráðgjafar aðstoða kjörfjölskyldur einnig við að gera eftirfylgniskýrslur til upprunaríkja kjörbarnanna (Gray, 2007). Eftirfylgniskýrslur, sem fjalla um stöðu kjörbarnsins eftir að það kemur til kjörfjölskyldunnar á Íslandi, eru á ábyrgð ÍÆ samkvæmt 10. gr. reglugerðar um ættleiðingarfélög. ÍÆ sér til þess að þær séu gerðar og sendar til upprunaríkis kjörbarns í samræmi við kröfur þess ríkis (nr. 453/2009). Áður voru það kjörfjölskyldurnar sjálfar sem sáu um að skrifa skýrslurnar í samráði við félagið en nýlega fékk félagið til liðs við sig félagsráðgjafa til að útbúa skýrslurnar (Hrefna Friðriksdóttir, 2010). Við gerð skýrslanna hittir félagsráðgjafinn kjörfjölskylduna. Aðkoma félagsráðgjafa í ættleiðingarmálum á Íslandi í dag er ekki önnur. Í skýrslu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins (2010) sem Hrefna Friðriksdóttir ritaði og fjallar um ættleiðingar á Íslandi er lagt til að gerð eftirfylgnisskýrslna verði færð frá ÍÆ yfir til stjórnvalda. Það er því jafnvel breytinga að vænta á skipulagi þessu.

Erlendis er aðkoma félagsráðgjafa meiri eftir ættleiðinguna en hér á landi svo sem í Bandaríkjunum. Þar koma félagsráðgjafar í heimsókn þegar kjörfjölskyldan er að aðlagast. Í heimsóknunum er mikilvægt að félagsráðgjafar hafi umsögnina, sem gerð var um hagi og aðstæður kjörfjölskyldunnar, tiltæka til að geta borið saman við aðstæður eftir ættleiðingu. Þeir þurfa einnig að hafa sérstaka þekkingu á ættleiðingar- og uppeldismálum og ákveðna grunnþekkingu á þroska ungra barna og þekkingu á því hvað telst eðlileg hegðun hjá barni miðað við aldur þess. Einnig ber þeim að skilja mikilvægi tengslamyndunar. Félagsráðgjafar gegna upplýsinga- og fræðsluhlutverki ásamt því að búa yfir þekkingu á því hvar hægt er að nálgast sérfræðinga á tilteknum sviðum ef á þarf að halda. Markmiðið með heimsóknunum eftir ættleiðingar er að ganga úr skugga um að aðlögun og tengslamyndun gangi eðlilega fyrir sig ásamt því að veita stuðning. Félagsráðgjafar eiga að vera vel vakandi gagnvart einkennum ættleiðingarpunglyndis eða vanlíðan kjörforeldra sem getur eins og áður segir haft slæmar afleiðingar fyrir kjörbarnið. Þeir þurfa að vera vel vakandi yfir því að kjörforeldrar hugsí vel um sig með því að styðja þá og hvetja til þess að taka sér tíma fyrir hvíld, svefn og hreyfingu, huga vel að mataræðinu og ýta undir að kjörforeldrarnir gefi sér tíma til að umgangast stuðningsríka vini og ættingja. Þeir eiga einnig að hvetja kjörforeldra til að sinna ánægjulegri afþreyingu samhliða nýja krefjandi foreldrahlutverkinu. Það minnkar

líkur og dregur úr líkum á ættleiðingarþunglyndi og vanlíðan kjörforeldra. Þetta eitt og sér dugar þó skammt ef kjörforeldrar eru komnir með ættleiðingarþunglyndi og þá þarf að vísa til viðeigandi sérfræðinga sem hafa þekkingu á þessu sviði til frekari meðferðar og oft er þörf á lyfjagjöf (Gray, 2007).

Með heimsóknum eftir ættleiðingu gefst félagsráðgjöfum því tækifæri til að bjóða upp á sams konar þjónustu og mæður fá eftir barnsburð, þegar ljósmæður eða hjúkrunarfræðingar koma heim til fjölskyldunnar og veita fræðslu og stuðning í aðlögunarferli fjölskyldunnar. Það getur hjálpað kjörfjölskyldunum að minnka neikvæðar tilfinningar eins og ótta, streitu og öryggisleysi í kjölfar ættleiðingarinnar og getur gert kjörforeldrum kleift að finna að þeir hafi stjórn á aðstæðum (Fontenot, 2007). Mikilvægt er að hlusta á kjörforeldra og líðan þeirra þegar kemur að því að móta þjónustu og stuðning við kjörfjölskyldur eins og fram hefur komið. Reyndsla og álit fagfólks sem hefur sérhæft sig í vinnu með kjörfjölskyldum kemur einnig að gagni við að þróa nánar faglegt starf með kjörfjölskyldum. Það getur deilt reynslu sinni með öðru fagfólki og félagsráðgjöfum sem ekki hafa skoðað ættleiðingarmál frá öllum hliðum. Þannig geta þeir aukið færni fleira fagfólks í málaflokknum (Foli og Thompson, 2010).

Niðurstöður

Með ættleiðingu eru tengsl barns við líffræðilega fjölskyldu rofin og barnið myndar ný tengsl við kjörfjölskylduna. Mikill meirihluti barna sem ættleidd eru erlendis frá eru á fyrsta og öðru aldursári þegar þau koma til landsins. Ættleiðingar lúta lögum og reglugerðum sem settar eru til að tryggja hagsmuni barna sem bíða eftir að komast í faðm ástríkrar fjölskyldu. Leiðin frá því að væntanlegir kjörforeldrar taka ákvörðun um ættleiðingu á barni af erlendum uppruna þar til að kjörbarnið er komið heim er löng og erfið. Kjörforeldrar geta fundið fyrir neikvæðum tilfinningum og vanlíðan sem þeir áttu ekki von á í kjölfar ættleiðingar. Miklu máli skiptir að fræða kjörfjölskylduna vel þannig að aðlögun í kjörfjölskyldunni takist sem best og að kjörbarninu líði vel í nýju fjölskyldunni. Undirbúningur fyrir ættleiðinguna skiptir því miklu máli. Hann þarf að vera þess eðlis að tilvonandi kjörfjölskylda átti sig á eðli og umfangi ættleiðingarinnar ásamt sérstöðu kjörbarnsins með tilliti til fortíðar þess og tengslamyndunar.

Fræðsla í kjölfar ættleiðingar er í höndum stjórnvalda samkvæmt Haagsamningnum og er það í samræmi við það sem rannsóknir sýna, að fræðsla og ráðgjöf stuðli að góðri tengslamyndun og velferð kjörfjölskyldunnar. Hér á landi hafa kjörfjölskyldur ekki notið sérstaks stuðnings eða ráðgjafar umfram almenna þjónustu af hálfu hins opinbera þrátt fyrir sérstöðu sína og er úrbóta þörf hjá íslenskum stjórnvöldum.

Huga þarf sérstaklega vel að tengslamyndun í ættleiðingarferlinu. Fortíð kjörbarnsins einkennist af missi og sorg vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á lífi þess. Erfitt getur reynst að mynda tengsl við kjörbarnið ef kjörforeldrar eiga við vanlíðan að stríða. Þegar heim er komið með kjörbarnið hefst mikilvæg aðlögun hjá allri kjörfjölskyldunni. Til að stuðla að því að tengslamyndun takist sem best er kjörforeldrum ráðlagt að skapa ró heima fyrir og hafa mjög hægt um sig í byrjun. Rannsóknir eru mikilvægt tæki til að meta stöðu kjörfjölskyldunnar en frekari þekkingar er þörf á því hvernig kjörforeldrum líður í nýja foreldrahlutverkinu.

Ættleiðingarþunglyndi eru veikindi sem vert er að huga að því áhrifin af því eru víðtæk. Ættleiðingarþunglyndi leggst almennt frekar á konur en karla en oft eru

veikindin ekki greind eða meðhöndluð. Depurð, áhugaleysi, svefntruflanir, breyting á matarlyst, kvíði, sektarkennd, skömm, reiði, þrekleysi, framtaksleysi og lækkað sjálfsmat eru meðal einkenna ættleiðingarþunglyndis en ekki þurfa öll einkenni að vera til staðar á sama tíma. Þunglyndir kjörforeldrar eiga það til að einangra sig og forðast að ræða tilfinningar sínar vegna hræðslu og sektarkenndar.

Sálrænir og félagslegir þættir hafa hvað mest að segja varðandi þróun ættleiðingarþunglyndis. Fortíð kjörforeldris, áföll og fyrri saga þunglyndis hefur mikil áhrif. Glíman við barnleysi og jafnvel óuppgerða sorg, ættleiðingarferlið sjálft, hegðun og þarfir kjörbarnsins ásamt vandkvæðum í tengslamyndun eru allt þættir sem ýta undir ættleiðingarþunglyndi en væntingar ýmis konar auka einnig líkur á ættleiðingarþunglyndi. Þar má nefna væntingar kjörforeldra til sín sem foreldra, væntingar til kjörbarnsins og væntingar fjölskyldu, vina og samfélagsins til ættleiðingarinnar. Kynþáttafordómar eru þáttur sem einnig getur ýtt undir ættleiðingarþunglyndi ásamt viðhorfum í samfélaginu. Það hvernig kjörforeldrarnir takast á við spurningar varðandi uppruna og kynþátt kjörbarnanna skiptir máli fyrir sjálfsmynd kjörbarnanna. Frekari rannsókna er þörf á afleiðingum ættleiðingarþunglyndis til lengri tíma litið en þær rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis sýna að þunglyndi hefur alltaf slæm áhrif á börn. Fræðimenn halda því fram að kjörbörn séu jafnvel viðkvæmari gagnvart áhrifum þess vegna fortíðar þeirra. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á umfangi og eðli ættleiðingarþunglyndis á Íslandi.

Til að minnka líkur á ættleiðingarþunglyndi og draga úr einkennum þarf mikill stuðningur að vera fyrir hendi frá maka, fjölskyldu, vinum og fagfólki. Kjörforeldrar þurfa að hafa aðgang að upplýsingum og fræðslu á þeim tíma sem þeim hentar og eru undirbúningsnámskeiðin, sem eru skyldunámskeið samkvæmt lögum, mjög gagnleg kjörforeldrum. Mjög áríðandi er að öll sú fræðsla sem hefur verið boðið upp á hér á landi komist til skila til kjörfjölskyldna og að allir kjörforeldrar eigi kost á fræðslu enda sýna rannsóknir að fræðsla eykur hæfni kjörforeldra til að takast á við vandasamt og margslungið hlutverk kjörforeldra. Fræðsla og stuðningur dregur einnig úr líkum á vanlíðan kjörforeldra og ættleiðingarþunglyndi. Ekki er nóg að fá fræðslu fyrir ættleiðingu heldur þurfa

kjörfjölskyldur líka að þiggja fræðslu eftir ættleiðingu þar sem ættleiðing er ævilangt ferli sem hefur áhrif á alla í kjörfjölskyldunni.

Það er ljóst að ábyrgð félagsráðgjafa og annars heilbrigðisstarfsfólks í ættleiðingarferlinu er mikil. Félagsráðgjafinn er vel til þess fallinn að vinna með kjörfjölskyldum þar sem hann hefur þverfaglega þekkingu og heildarsýn sem nýtist vel í vinnu með kjörfjölskyldum. Mikilvægt er að félagsráðgjafar og samfélagið í heild skilji hvaða tilfinningar liggja að baki þeirri ákvörðun að ættleiða barn því þannig er hægt að styðja betur við bakið á kjörforeldrum. Hér á landi gegnir félagsráðgjafi því hlutverki í ættleiðingarferlinu að meta hæfi tilvonandi kjörfjölskyldu til að annast kjörbarn ásamt því að gera eftirfylgniskýrslur til upprunaríkjanna. Aðkoma félagsráðgjafa er ekki önnur. Erlendis hefur hann sama hlutverki að gegna en að auki veitir hann kjörforeldrum upplýsingar og fræðslu. Hann hefur haldbæra þekkingu á þroska barna og tengslamyndun og hans hlutverk í vinnu með kjörfjölskyldunni er að ganga úr skugga um að aðlögun og tengslamyndun gangi sem eðlilegast fyrir sig og að veita stuðning. Hann er vakandi gagnvart einkennum ættleiðingarþunglyndis og vanlíðan kjörforeldra og hvetur þá til að hugsa vel um sig og nýta sér stuðning fjölskyldu og vina. Ef ættleiðingarþunglyndið er alvarlegt ber félagsráðgjafa að vísa kjörforeldri til frekari meðferðar.

Eftir að hafa skoðað þær rannsóknir, bækur og greinar sem fjalla um ættleiðingarþunglyndi og ættleiðingarferlið í heild sinni er ljóst að hægt er að fyrirbyggja og hjálpa kjörforeldrum sem glíma við ættleiðingarþunglyndi eða vanlíðan í kjölfar ættleiðingar. Það er gert með því að styðja kjörforeldra, veita þeim fræðslu og útvega þeim viðeigandi sérfræðiráðgjöf þegar þeir þurfa.

Umræður

Ljóst er að ættleiðingarþunglyndi og vanlíðan kjörforeldra er til staðar. Það sjáum við á rannsóknum á viðhorfum kjörforeldra og reynslu fagfólks í ættleiðingarmálum erlendis. Merkilegt er að ekki skuli verið búið að kanna umfang og eðli ættleiðingarþunglyndis hér á landi en athyglisvert væri að sjá niðurstöður slíkrar rannsóknar.

Undirbúningsnámskeið eru í dag skylda fyrir væntanlega kjörforeldra samkvæmt lögum hér á landi og það er án efa jákvætt. Það er sambærilegt því sem gert er á hinum Norðurlöndunum. Þó er rétt að velja því upp hvort ekki þurfi að bæta inn í undirbúningsnámskeiðin fræðslu um tilveru ættleiðingarþunglyndis, hugsanlega vanlíðan kjörforeldra í kjölfar ættleiðingar og áhrifa þess á kjörfjölskylduna. Með þeim hætti væri hægt að koma í veg fyrir óöryggi og hræðslu við neikvæðar tilfinningar eftir ættleiðingu.

Hér á landi er engin eftirfylgni með kjörfjölskyldum í kjölfar ættleiðingar en þess er svo sannarlega þörf. Þegar kjörforeldrar koma heim með kjörbarnið loka þeir sig gjarnan frá fjölskyldu og vinum til að geta sinnt þörfum kjörbarnsins sem best og til að tengslamyndun verði sem árangursríkust frá upphafi. Athyglisvert er að skoða það hvort þessi einangrun geti ýtt undir vanlíðan kjörforeldris eða ættleiðingarþunglyndi. Það er mikilvægt að á þessum tímamarki komi félagsráðgjafi inn á heimilið og athugi líðan kjörforeldra og kjörbarns, líkt og ljósmóðir eða hjúkrunarfræðingur gerir í kjölfar fæðingar. Sérstaklega í ljósi þess að rannsóknir á ættleiðingarþunglyndi sýna að ef kjörforeldrar verða þunglyndir eiga þeir til að einangra sig og eru ólíklegir til að leita sér aðstoðar sökum hræðslu eða sektarkenndar. Félagsráðgjafi getur komið auga á einkenni ættleiðingarþunglyndis eða áhættuþætti og brugðist skjótt við með því að fræða kjörforeldra eða vísa þeim á viðeigandi stuðning og úrræði sem í boði eru. Þannig getur félagsráðgjafinn myndað brú milli kjörforeldra og þeirra úrræða sem í boði eru. Fagleg vinnubrögð og aukinn stuðningur, fræðsla og ráðgjöf í ættleiðingarferlinu öllu minnka líkur á ættleiðingarþunglyndi og vanlíðan kjörforeldra. Að auki aukast líkur á að aðlögun gangi vel fyrir sig og kjörfjölskyldunni líði vel.

Fleiri áhrifaþætti ættleiðingarþunglyndis væri áhugavert að skoða nánar eins og kynþáttafordóma. Fróðlegt væri að skoða þennan þátt betur og í hvaða mæli þeir eru í íslensku samfélagi. Eins er athyglisvert að skoða hvort breytt efnahagsástand á Íslandi hefur ýtt undir slíka fordóma.

Þegar horft er til menntunar fagfólks eins og félagsráðgjafa og annars heilbrigðisstarfsfólks hér á landi þá virðist sem fræðslu um ættleiðingarmál skorti í náminu. Hana þarf að auka til muna ásamt því að fjölga því fagfólki sem að málum kemur. Þannig væri hægt að efla og auka það góða starf sem fyrir er unnið hér á landi. Ef það verður ekki gert þá munum við ekki standast samanburð við nágrannaríkin en þau standa sig vel í þessum efnum. Í skýrslunni, sem unnin var fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið, nú innanríkisráðuneytið, um ættleiðingar á Íslandi koma fram ýmsar gagnlegar tillögur til úrbóta í ættleiðingarmálum. Mikilvægt er að nýta þær upplýsingarnar sem fram koma í skýrslunni til að vinna að endurbótum á ættleiðingarkerfinu hér á landi.

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir
160675-3739

Heimildir

- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening Adoption Practice, Listening to Adoptive Families. *Child Welfare*. 86(2), 87-104.
- Barth, R. P., Crea, John, K., Thoburn, J. og Quinton, D. (2005). Beyond attachment theory and therapy: Towards sensitive and evidence-based interventions with foster and adoptive families in distress [Rafræn útgáfa]. *Child and Family Social Work*. 10, 257-268.
- Dean, C., Dean, N. R., White, A. og Liu, W. Z. (1995). An adoption study comparing the prevalence of psychiatric illness in women who have adoptive and natural children compared with women who have adopted children only. *Journal of Affective Disorders*. 34, 55-60.
- Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið. (2010). *Reglur um inntak, skipulag og gjaldtöku vegna undirbúningsnámskeiða fyrir þá sem óska eftir að ættleiða erlent barn*. Skýrsla nefndar á vegum dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Reykjavík: Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2010). Þungamiðjan í lífinu færðist til. Reynsla 20 íslenskra fjölskyldna af því að ættleiða börn frá útlöndum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennung og skólustarf* (bls. 339-371). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2006). *Introduction to social work* (10. útgáfa). Boston, USA: Pearson/Allyn and Bacon.
- Federici, R. S. (e.d.). *Raising the Post-Institutionalized Child Risks, Challenges and Innovative Treatment*. Sótt 28. janúar 2011 af http://www.drfederici.com/raising_child.htm
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 30. mars 2011 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>

- Foli, K. J. og Thompson, J. R. (2004). *The post adoption blues. Overcoming the unforeseen challenges of adoption*. USA: Rodale.
- Foli, K. J.(2010). Depression in Adoptive Parents: A model of Understanding Through Grounded Theory [rafræn útgáfa]. *Western Journal of Nursing*, 32(3), 379-400.
- Fontenot, H. B. (2007). Transition and Adaption to Adoptive Motherhood [rafræn útgáfa]. *AWHONN, the Association of Women's Health, Obstetric and Neonatal Nurses*. 14, 175-182.
- Gray, D. G. (2007). *Nurturing Adoption. Creating Resilience after Neglect and Trauma*. Indiana; Perspectives Press, Inc.
- Gray, D.G. (2002). *Attaching in Adoption. Practical Tools for Today's Parents*. Indiana; Perspectives Press, Inc.
- Gyða Eyjólfsdóttir. (2009). Átt við ófrjósemi. Í Sigrún María Kristinsdóttir (ritstjóri). *Óskabörn*. 48-55. Reykjavík: Salka.
- Hagstofa Íslands. (2008, október). *Ættleiðingar 1009-2007. Hagtíðindi, mannfjöldi*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). *Ættleiðing erlendra barna á Íslandi. Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum*. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 68-76). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hrefna Friðriksdóttur. (2010). *Ættleiðingar á Íslandi, í þágu hagsmuna barns*. Dómsmála- og mannréttindaráðuneytið: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.
- Ingibjörg Birgisdóttir, Guðrún Sveinsdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir. (2005). *Undirbúningsnámskeið fyrir umsækjendur um ættleiðingu erlends barns*. Reykjavík: Íslensk ættleiðing.

- Innanríkisráðuneytið. (2009). *Upplýsingar um ættleiðingar og ættleiðingarfélög*. Sótt 11. febrúar 2011 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleidingar/upplýsingar/nr/6716>
- Innanríkisráðuneytið. (2011). *Ættleiðingar*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleidingar/>
- Innanríkisráðuneytið. (2011). *Nefndir*. Sótt 12. febrúar 2011 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/aettleidingar/nefndir/>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.). *Velkomin heim*. Sótt 20. apríl 2011 af <http://isadopt.is/index.php?p=velkomin>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.a.). *Samantekt á rannsóknarniðurstöðum*. Sótt 4. apríl 2011 af <http://www.isadopt.is/index.php?a=158>
- Jórunn Elísdóttir. (e.d.). *Börn ættleidd frá Kína og foreldrar þeirra – þegar heim er komið og daglegt líf tekur við*. Sótt 3. apríl 2011 af <http://www.heilsugaeslan.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4447>
- Judge, S. (2003). Determinants of Parental Stress in Families Adopting Children From Eastern Europe. *Family relations*. 52, 241-248.
- Linda Bára Lýðsdóttir, Halldóra Ólafsdóttir og Jón Friðrik Sigurðsson. (2008). Fæðingarþunglyndi: Algengi, afleiðingar og helstu áhættuþættir [Rafræn útgáfa]. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*. 13, 171-185.
- Lög um ættleiðingar nr. 130/1999*
- Macrae, S. (2006). Post Adoption Depression Syndrome. What It is and One Mother's Experience. Í MacLeod, J og Macrae, S. (ritstjórar), *Adoption Parenting. Creating a Toolbox, Building Connections*. 62-67. Warren, New Jersey; EMK Press.

- McDonald, T. P., Propp, J. R. og Murphy, K. C. (2001). The postadoption experience: Child, parent, and family predictors of family Adjustment to Adoption. *Child Welfare*. 80(1), 71-94.
- Melina L. R. (2002). *Raising Adopted Children. Practical reassuring advice for every adoptive parent*. New York: Quill.
- Metha, N. (1992). *Ours by choice*. Bombay: Rite-Print-Pak.
- Molinari, D. L. Og Freeborn, D. (2006). Social support Needs of Families Adopting Special Needs Children. *Journal of Psychosocial Nursing*. 44(4), 28-34.
- Narad, C. og Mason, P. W. (2004). International Adoptions: Myths and Realities. *Pediatric Nursing*. 30(6), 483-487.
- NOU (2009:21). *Adopsjon-til barnets beste: En utredning om de mange ulike sidene ved adopsjon*. Oslo: Departementenes servicesenter/Informasjonsforvaltning.
- Payne, J. L., Fields, E. S., Meuchel, J. M., Jaffe, C. J. og Jha, M. (2009). Post adoption depression [Rafræn útgáfa]. *Arch Womens Ment Health*. 13, 147-151.
- Purvis, K. B., Cross, D. R., Sunshine, W.L. (2007). *The Connected Child: Bring hope and healing to your adoptive family*. New York; McGraw-Hill.
- Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005 með áorðnum breytingum nr.996/2009.*
- Reglugerð um ættleiðingar nr.238/2005*
- Reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009*
- Sakaeda, A. R.(2006). The Color Connection, Transracial Adoptive Families. Í MacLeod, J og Macrae, S. (ritstjórar), *Adoption Parenting. Creating a Toolbox, Building Connections*. 62-67. Warren, New Jersey; EMK Press.
- Selman, P. (2009). The Rise and fall of intercountry adoption in the 21st century. *International Social Work*. 52, 575-594.

- Senecky, Y., Agassi, H., Inbar, D., Horesh, N., Diamond, G., Bergman, Y.S. og Apter, A. (2009). *Post-adoption depression among adoptive mothers* [Rafræn útgáfa]. *Journal of Affective Disorders*. 115, 62-68.
- Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn*. Reykjavík: Salka.
- Singer, E. og Krebs, M. (2008). Assisting Adoptive Families: Children adopted at older Ages. *Pediatric Nursing*. 34, 170-173.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík; Mál og menning.
- Valgerður Baldursdóttir. (1999). Tilfinningatengsl skapa grunninn. *Ættleiðing Afmælisrit Íslenskrar ættleiðingar - 20 ára*. 22-23.
- Valgerður Baldursdóttir. (2009). Mikilvægi geðtengsla. Í Sigrún María Kristinsdóttir (ritstjóri). *Óskabörn*. 48-55. Reykjavík: Salka.
- Weidman, A. B. (2006). Attachment problems. Subtle and Not-so-Subtle Signs. Í MacLeod, J og Macrae, S. (ritstjórar), *Adoption Parenting. Creating a Toolbox, Building Connections*. 62-67. Warren, New Jersey; EMK Press.